



**Heit og ljúffeng**

**PIZZA**

HAMRABORG Hafnarstræti 7 · 456 3166

Gerid gamla húsið nýtt

Íbúðalánasjóður  
www.ils.is

Nýtt símanúmer Landsbankans á Ísafirði er

**410 4156**

Landsbankinn  
Sími 410 4156  
Fax 410 3018

**Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**

**BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Miðvikudagur 26. júlí 2006 · 30. tbl. · 23. árg.



Sólarlagið á þriðjudagskvöldið í síðustu viku var svo með eindæmum fallett að jafnvel lífsreyndustu menn í undrum Vestfjarða og sigldustu fagurfræðingar hafa vart séð annað eins. Myndin er tekin örskömmu fyrir miðnættið. Á eldrautum himni brennur miðnætursólin og leggur gullið geisla-teppi sitt á lágværar gárur sjávar, og í miðjum geislanum má sjá bát sigla inn Djúpið, sjálfsagt drekkhlaðin gjöfum Ægis eftir langan dag við veiðar. Í fjarska má svo sjá þykka þokubólstra, sem um nóttina sóttu nær bænum og lögðust yfir firði Ísafjarðarbæjar um morguninn og fram á dag. Fyrir allrar hamingju sakir átti ljósmyndari blaðsins leið um Óshlíð og staðnæmdist frammi fyrir fegurðinni, ásamt fjöldanum öllum af ferðafólki sem stóð í hlíðinni og starði út á hafið.

– eirikur@bb.is

# Fasteignaverð í sérbýli á Ísafirði hækkar um 33% á milli ára

Fasteignaverð í fjölbýli á Ísafirði hefur hækkað um 3,6% á milli ára, ef miðað er við meðaltal fyrstu sex mánuði 2005 og 2006. Meðaltalsverð á fermetra fyrstu sex mánuði ársins í ár var 76.203 kr. en í fyrra var það 73.537 kr. Þá hafa selst nokkuð færri fjölbýlisíbúðir á Ísafirði fyrri helming ársins 2006 en fyrri helming ársins 2005. 33 íbúðir seldust fyrstu sex mánuðina í fyrra en bara 23 í ár.

við samanburð á íbúðum í sérbýli kemur í ljós að þar er verðhækkunin nokkuð meiri, eða ríflega 33% og fer úr 52.918 kr. á fermetrann í 70.529 kr. fyrstu sex mánuði ársins í ár. Þar er svo sama uppi á teningnum með fjölda seldra íbúða, þar sem 13 íbúðir seldust fyrstu sex mánuði ársins 2005 en einungis 7 í ár.

Fasteignaverð hefur verið stígandi hér vestra um nokkurt skeið. Þó ber að líta til þess við samanburð af þessu tagi

að þar sem sölur eru fáar og íbúðir af misjöfnu tagi geta skekkjur verið nokkrar, og segja prósentutölurnar hér að ofan því ekki endilega til um raunhækkun íbúðaverðs. Hins vegar er ekki hægt að draga í efa að hækkunin hefur verið nokkur síðustu misserin. Þá ber einnig að líta til þess að íbúðaverð stóð í stað um langt árabíl, og mætti því jafnvel tala um að íbúðaverð hafi verið óeðlilega langt og hafi verið að rétta sig af síðustu árin.



Holtahverfið á Ísafirði.

Samkaup úrval

**OPIÐ:**  
virka daga kl. 09 - 21  
laugard. 10-21  
sunnud. kl. 12 - 21

Verið velkomin!

Samkaup úrval

**NEISTA**  
HAFNARSTRÆTI 9-13  
SÍMI 456 5460

„ÁHYGGJULAUS“  
ALLT UM FLUTNINGA INNLANDS – EITT NÚMER

EIMSKIP | Kongshólmur 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

VIÐSKIPTA ÞJÓNUSTA EIMSKIPS 525 7800

## Axlarbrotnaði í Hornvík

Kona féll í stiga í Hornvík í Hornstrandafriðlandinu á föstudag og axlarbrotnaði. Hún var sótt af áhöfn björgunarbátsins Gunnars Friðrikssonar og hraðskreiðari einkabátur frá Ísafirði flýtti för læknis og sjúkraflutningsmanns á vettvang.

Komið var með konuna til Ísafjarðar seinni partinn og var hún lögð inn á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Þar kom í ljós að konan hafði brotnað ofarlega á upphandlegg, sem er í daglegu tali kallað axlarbrot.

## Lenti lítilli flugvél á þjóðvegnum

Lögreglan á Ísafirði fékk tilkynningu á mánuðag um að lítilli fisflugvél hefði verið lent á þjóðvegnum rétt fyrir utan Flateyri. Eftir lendinguna mun flugmaðurinn hafa ekið á bensínstöð og fyllt hjá sér tankinn en hélt síðan á tún þar sem hann tók á loft.

„Við teljum að það geti stafað hætta af svona lendingum enda gera umferðarlögin ekki ráð fyrir fyrirbærum sem þessum í almennt umferð“, segir Hlynur Snorrason lögreglufrulltrúi á Ísafirði aðspurður um alvarleika málsins.

Lögreglan fékk ábendingu frá íbúum á Flateyri, sem voru ekki parhrifnir af athæfinu, og hafði uppi á flugmanninum og er málið í rannsókn. „Það gilda ekki að öllu leiti sömu reglur um fisvélur og almennar flugvélar, þannig er t.d. ekki gert ráð fyrir að þeim sé lent á almennum flugvöllum nema með sérstöku leyfi.

## Ógnaði gestum með hnífi

Lögreglan var kölluð að veitingastað á Ísafirði á fimmtudagskvöld þar sem einn gestanna hafði ógnað nærstöddum með hníf sem hann bar. Maðurinn var handtekinn og lagt hald á hnífinn. Við nánari athugun lögreglunnar kom í ljós að maðurinn var með kannabisreykingaráhald í fórum sínum.

Maðurinn gisti fanga-geymslu þar til daginn eftir er hann var yfirheyrður vegna málsins. „Maðurinn má búast við að fá bæði bággt fyrir hnífaburðinn og eins að hafa verið með fíkniefnaáhalðið í fórum sínum“, segir í dagbók lögreglunnar. Maðurinn hefur áður komið við sögu vegna fíkniefnamála.



# Mikill launamunur eftir kyni og búsetu

Árið 1998 voru konur á Vestfjörðum með 52% af meðalatvinnutekjum karla. Það árið voru konur með 1.139.000 kr. í meðalatvinnutekjur á ári, en karlar 3.164.000 kr. Sjö árum síðar, árið 2005, hafði bilið einungis brúast að litlum hluta, en það árið voru konur á Vestfjörðum komnar með 60% af tekjum karla. Þá voru konur með 1.898.000 kr. í meðalatvinnutekjur á ári á móti 3.164.000 kr. fyrir karlana. Ef þetta er borið saman við þróunina á

landsvísu þá voru konur með 57% af meðalatvinnutekjum karla árið 1998 og höfðu þokast upp í 64% af launum karla árið 2005.

Vestfirðingar eru reyndar nokkuð undir landsmeðaltali í launum. Árið 1998 voru Vestfirðingar að meðaltali með 94% af meðalatvinnutekjum landsmanna allra. Meðalvestfirðingurinn fékk 1.713.000 kr. á meðan meðal Íslendingurinn fékk 1.818.000 kr. í laun. Sjö árum síðar, árið 2005, er meðal Vestfirðingur-

inn ekki með nema 87% af launum meðal Íslendingisins. Meðal Vestfirðingurinn fær 2.564.000 kr. á ári á móti 2.945.000 kr. meðal Íslendingisins.

Ef tekjur meðal Vestfirðingsins eru svo bornar saman við meðalatvinnutekjur fólks á höfuðborgarsvæðinu eykst munurinn enn meir. Árið 1998 var meðalvestfirðingurinn með 90% af tekjum meðal höfuðborgarbúans, eða 1.713.000 kr. á ári á móti 1.902.000 kr. höfuðborgarbú-

ans. Árið 2005 var meðal Vestfirðingurinn svo einungis með 82% af meðalatvinnutekjum á höfuðborgarsvæðinu, eða 2.564.000 kr. á móti 3.123.000 kr. á höfuðborgarsvæðinu.

Tölurnar hér að ofan eru fengnar frá Hagstofu Íslands. Atvinnutekjur eru beinar skattskyldar launagreiðslur fyrir vinnuframlag í aðalstarfi auk dagpeninga og ökutækjastyrks. Aðalatvinnugrein hvers starfandi manns telst vera sú atvinnugrein sem

skilar hæstum tekjum í hverjum mánuði, ef fleiri en ein grein kemur til greina. Búseta er miðuð við búsetu einstaklings fyrsta hvers mánaðar en ekki aðsetur launagreiðanda. Meðalatvinnutekjur er summa árstekna fyrir aðalstarf í hverri atvinnugrein deilt með meðalfjölda starfandi. Þetta má túlka sem meðalárslaun í aðalstarfi ef unnið er alla tólf mánuði ársins. Meðalatvinnutekjur eru óháðar vinnutíma í mánuði og því er ekki um ársverk að ræða. – *eirikur@bb.is*

## Bæjarráð Bolungarvíkur

# Lýsir yfir áhyggjum vegna gliðnunar sprungu í Óshlíð

Bæjarráð Bolungarvíkur-kaupstaðar hefur lýst áhyggjum sínum vegna nýjustu upplýsinga á mælingum á gliðnun sprungu efst í Óshlym. „Mælingin sýnir að hraði gliðnunar hefur á einu ári tvöfaldað. Ljóst er að ákvörðun um framtíðarlausn í samgöngumálum Bolvkinga þolir enga bið“, segir í bókun ráðsins.

Eins og fram hefur komið

funduðu lögreglustjórnarnir í Bolungarvík og Ísafirði vegna málsins, en þar var ákveðið að ekki væri ástæða til að grípa til sérstakra aðgerða. Gera má sér í hugarlund að þegar bæjarfulltrúar tala um „framtíðarlausn í samgöngumálum Bolvkinga“, þá sé verið að vísa til þeirra gangnaframkvæmda sem lofað hefur verið á Óshlíð.

Eins og fram hefur komið gliðnaði sprungan um eina

fimm millimetra á síðasta ári, en frá 1982 til 2003 gliðnaði hún alls um einn sentimetra. Síðustu ár hefur gliðnunin svo verið um 2 millimetrar á ári, svo ljóst er að gliðnunarhraðinn hefur tvöfaldað á milli ára. Sprungan er um 30-40 metra löng, en ekki er vitað hversu djúpt hún er eða hvert hún liggur.

– *eirikur@bb.is*

## Queen Elizabeth II kemur næsta sumar

Alls hafa 23 skemmtiferðaskip boðað komu sína til Ísafjarðar á næsta ári. Er það fjölgun um eitt skip frá þessu ári en víst er að eitt-hvað mun bæstast við fjölda næsta árs þegar líður á haustið.

Mörg af þeim skipum sem hafa boðað komu sína eru skip sem komið hafa áður til Ísafjarðar og sum hver jafnvel á hverju ári og þykir það vera vísbending um að Ísafjarðir og nærsveitir séu fýsilegur kostur fyrir farþega

skemmtiferðaskipa. Rúmlega 14 þúsund farþegar eru á skipunum 22 sem koma í ár en ef tekin er staðan á þessu ári en víst er að eitt-hvað mun bæstast við fjölda næsta árs þegar líður á haustið.

Það markverðasta við áætlun næsta árs er að eitt sögufrægasta skemmtiferðaskip heims, Queen Elizabeth II hefur staðfest komu sína og er það í fyrsta sinn sem skipið kemur til Ísafjarðar.

– *smari@bb.is*

# Fornleifauppgröftur í Vatnsfirði

Á þriðja tug manna vinnur nú að fornleifauppgræfti í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp en fornleifarannsóknir hafa staðið yfir í Vatnsfirði undanfarin tvö sumur. Meðal þess sem fundist hefur í sumar er glerperla, talin ættuð frá Austurlöndum. Garðar Guðmundsson fornleifafræðingur segir að gröfturinn í ár sé framhald á grefti fyrri ára. Í hitteðfyrri var grafinn upp mikill skáli í túninu norðan við kirkjugarðinn sem talinn er

vera frá 10. eða 11. öld, svokallaðri víkingaöld.

Í fyrri var uppgröftur skálans kláraður og kom í ljós smíðja í þeim grefti sem unnið er í núna. Garðar segir að vísbendingar bendi til að um eldsmíðu sé að ræða. Alls er fimm hús í þyrpingunni sem er í túninu, skálinn, smíðjan og þrjú önnur hús sem öll eru frá sama tíma. Einnig er hafinn gröftur í bæjarhólnum fyrir ofan prestshúsið en húsinn þar eru mun yngri eða frá 18. eða

19. öld.

Í Vatnsfirði er rekinn vettvangsskóli fyrir fornleifafræðinema á vegum Fornleifastofnunar Íslands og í ár eru 14 nemendur við skólann og er það svipaður fjöldi og í fyrri. Skólinn er hluti af verkefninu „Vestfirðir á miðöldum“ sem felst í fornleifarannsóknunum, fornleifaskóla og uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn. Settir hafa verið upp útsýnispallar á uppgræftarsvæðinu sem gera ferðamön-

um kleift að horfa yfir fornleifararnar. Einnig hefur verið tekinn saman fróðleikur um sögu Vatnsfirðar og þær fornleifar sem hafa fundist.

Garðar segir að ýmis verkefni hafi spunnist út frá rannsóknunum og skólanum t.d. var skoskur jarðvegssérfræðingur frá háskólanum í Stirling nýlega á ferð í Vatnsfirði og rannsakandi þar tún og jarðveg. Ekki þótti honum túnin gjöfuleg eða jarðvegurinn merkilegur og út frá því leiða menn líkur

að því að landbúnaður hafi ekki verið grunnur að ríki-dæmi höfðingja í Vatnsfirði en fjórðurinn var mikið höfðingjasetur og kemur víða við í Íslendingasögnum.

Hvort að þeir svarbræður, Þorgeir Hávarson og Þormóður Kolbrúnarskáld, söguhetjur Fóstbræðrasögu og Gerplu hafi átt næturstað eða viðkomu í húsunum segir Garðar að ekkert sé hægt að sanna eða afsanna í þeim efnum.

– *smari@bb.is*

# Ekki talið að hrun úr Óshyrnu breytist til verri vegar næsta áratuginn

Í kjölfar mikillar umræðu undanfarna daga um möguleika á stóru hruni úr Óshyrnu fyrir ofan Óshlíðarveg hefur Vegagerðin birt á vef sínum greinargerð um hrun úr fjallinu sem nefnist „Hrun úr Óshyrnu – möguleg atburðarrás“ eftir Gísla Eiríksson, verkfræðing, og Ágúst Guðmundsson, jarðfræðing. Eins og kunnugt er hefur gliðnunarhraði sprungu einnar í Óshyrnu tvöfaldast milli ára og valdið mönnum nokkrum áhyggjum. Eins og fram hefur komið gliðnaði sprungan um eina fimm millímetra á síðasta ári, en frá 1982 til 2003 gliðnaði hún alls um einn sentímetra. Síðustu ár hefur gliðnunin svo verið um 2 millímetrar á ári, svo ljóst er að

gliðnunarhraðinn hefur tvöfaldast á milli ára.

Lögreglustjórnir í Bolungarvík og Ísafirði funduðu með fulltrúum Vegagerðarinnar í síðustu viku, og ræddu þar stöðu mála vegna gliðnunar sprungu í Óshlíð. Þar komust menn að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að grípa til sérstakra ráðstafana vegna gliðnunarinnar.

Í áður nefndri skýrslu segja þeir Ágúst og Gísla að þeirra mat sé að ekki sé líklegt að hrunið úr fjallinu á þessum stað breytist umtalsvert til verri vegar næsta áratuginn. „Með víðtækum samanburði við önnur landsvæði á Íslandi finnst höfundum líklegast að hrun úr Óshyrnunni haldi áfram a.m.k næsta áratug með

svipuðum hætti og verið hefur síðustu áratugi. Það merkir að þótt spilda við brúnina mjakist fram, verði áfram hrun úr bæði brúninni og klettabeltum neðar í fjallshlíðinni.“ Þá kemur fram að grjóthnullungarnir á þessu svæði geti verið frá broti úr rúmmetra upp í fáeina rúmmetra, og að einstaka sinnum geti það numið tugum rúmmetra. Það ku þó ekki ná því að vera árlegur viðburður. Hrun úr fjöllum er, eins og kunnugt er, misjafnlega mikið frá ári til árs, auk þess sem tíðni hrana getur verið æði misjöfn. Þar hefur t.d. veðráttu mikil áhrif. „Tímaramminn í jarðfræðinni er mjög langur miklu lengri en maðurinn hefur tilfinningu fyrir. Engin gögn eru fram komin sem

segja að næstu fimm ár verði eitthvað öðru vísi en síðustu fimm ár. Öllum má vera ljóst að ekki er hægt að útiloka stóratburð eða mjög stórt hrun úr Óshyrnu en það sama gildir líklega um mörg fleiri brött fjöll. Reynslan sýnir þó að slíkir atburðir teljast fremur í árhundruðum fremur en áratugum fyrir landið í heild ef miðað er við áreiðanlega annála síðustu 500 ára sem er skráður sögulegur tími.“

Höfundar skýrslunnar fjalla einnig um hugmyndir þær sem fram hafa komið um að sprengja niður fylluna, eða jafnvel að festa hana. Fram kemur að sjálfsagt væri hægt að flytja loftpressu og bora upp á fjallið með stórru þyrlu og sprengja, en ekki mjög djúp. „Eðli

sprenginga á bergi er þannig að bergið brotnar í steina en færast lítið til og því mun líklega myndast stór hruga af lausu efni í fjallsbrúninni, sem ekki hrynur strax niður. Það myndi ekki bæta ástandið. Að auki eru fjölmargir hrungjarnir staðir þarna á bjargbrúninni sem öll virðist mjög laus í sér og erfitt að sjá hvar á að byrja og enda varmir gegn hruni.“

Þá eru í skýrslunni reifaðar hugmyndir jarðvísindamanna um að hrun úr Óshyrnu sé líklegt til að valda svo stórru flóðbylgju um Ísafjarðardjúp að mann- og eignatjón hlytist af. Segja höfundar að molni Óshyrna niður smám saman, líkt og þeir telja, þá komi engin flóðbylgja. „Undirrituðum finnst harla langsótt að flóðbylgja vegna hruns úr Óshyrnu geti orðið svo stór að hún geti valdið umtalsverðum skaða við Ísafjarðardjúp, en eru ekki sérfróðir um það atriði. Það eru hins vegar finnanlegir menn sem kunna að leggja mat á mögulega flóðbylgju miðað við einhverjar gefnar forsendur um hrun.“

Í skýrslunni kemur þá fram að eini öruggi kosturinn til að verjast grjóthruni úr Óshlíð sé að gera jarðgöng um hlífðina. „Málið er þannig vaxið, að verið að vinna að lausn,

meira að segja bestu lausn á þessu vandamáli og það er ekki annað að gera en bíða þangað til að því verki lýkur. Ef að menn vissu um einhverjar aðrar aðferðir, hefði að minnsta kosti verið fjallað um þær. Allir hljóta að vonast til að jarðgöng verði nægilega fljótt að veruleika svo ekki komi til fleiri alvarlegra slysa á Óshlíð. [...] Hvenær möguleg göng komast í notkun er háð tæknilegum og fjárhagslegum atriðum, m.a. hvað þau verða löng. Miðað við að fjármagn hamli ekki, gæti tímaramminn þar til jarðgöng leysa Óshlíðarveg af hólmi verið 3 til 5 ár. [...] Ýmislegt hefur verið gert undanfarna áratugi til að verjast grjóthruni á Óshlíðarveg en með misjöfnum árangri eins og þekkt er. Á endanum komust menn að þeirri niðurstöðu að það þyrfti að lágmarki mjög langan vegskála eða þá jarðgöng til að leysa málið. Um þessar mundir er unnið að undirbúningi jarðganga ekki síst vegna hruns úr Óshyrnu, þó að allt það svæði sem nú heitir Óshlíð sé inni í myndinni. Það gildir enn frekar um mögulegan stóratburð að jarðgöng eru eini öruggi kosturinn.“

Skýrsluna í heild sinni má að verið að vinna að lausn, nálgast á vef Vegagerðarinnar.



Óshlíð.

## Tvö af ellefu banaslysum í umferðinni á Vestfjörðum

Tvö af 11 banaslysum sem orðið hafa í umferðinni í ár áttu sér stað á Vestfjörðum, en það hlýtur að teljast óvenju hátt í ljósi þess að einungis 2,5% þjóðarinnar búa á svæðinu, á meðan 2/11 er um 18%. Á síðasta ári átti eitt af þeim sextán banaslysum sem urðu í umferðinni sér stað á Vest-

fjörðum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í Fréttablaðinu í gær (þriðjudag).

Par segir Birgir Hákonarson, framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs hjá Umferðarstofu, að erfitt sé að lesa þróun úr tölum um banaslys á Íslandi af því að þau séu svo ofboðslega fá. Þegar lítið er á

tölurnar fyrir allt landið er ljóst að fleiri banaslys verða í dreifbýli, þó munurinn hafi reyndar verið meiri í fyrra. Í ár hafa sex af ellefu banaslysum orðið í dreifbýli. Þá bendir Birgir á að ef lítið sé fimm ár aftur í tímann sé merkjanleg fækkun á slysum.

„Auðvitað er dálítið klént

að vera alltaf að segja það sama“, segir Birgir í samtali við Fréttablaðið.

„En það sem gildir er að fara varlega. Þessi þrjú klassísku atriði sem hafa áhrif í langflestum alvarlegum slysum, það eru beltin, ölvunin og hraðinn“.

– eirikur@bb.is

### Sveitarfélög á Vestfjörðum

## Greiddu 45,2 milljónir í húsaleigubætur 2005

Sveitarfélög á Vestfjörðum greiddu alls 45,2 milljónir í húsaleigubætur á síðasta ári, og voru það 3% allra húsaleigubóta sem greiddar voru á landinu. Heildargreiðslur sveitarfélaga á húsaleigubótum árið 2005 námu 1.537,8 m.kr. Í áætlunum sveitarfélaga frá 1. desember 2004 var gert ráð fyrir að greiðslur húsaleigubóta árið 2005 yrðu 13% hærri eða um 1.767,1 m.kr.

Eins og komið hefur fram hér í blaðinu er útlit fyrir að heildargreiðslur húsaleigubóta til fólks með lögheimili í Ísafjarðarbæ verði um 28,5 milljónir króna í ár og hlutur sveitarfélagsins í þeim greiðslum hálf sautjándi milljón. Nemur hlutur Ísafjarðarbæjar því um 60% af heildargreiðslum eins og kveðið er á um í samkomuleigubóta árið 2005 yrðu gerðu sín á milli árið 2003.

– eirikur@bb.is

## G7 vill selja lóðina við Sundstræti 36

Verktakafyrirtækið G7 á Ísafirði hefur óskað eftir því að Ísafjarðarbær kaupi eignarlóð félagsins að Sundstræti 36, Ísafirði. Lóðin er í heild sinni 3.225 fermetrar og skiptist á milli Ísafjarðarbæjar, sem á 2.085 fermetra og G7 ehf. sem á 1.140 fermetra.

Félagið býður lóðina til sölu á 3.200 kr. per fermetra, eða 3.648.000 kr. Bæjarráð hefur tekið málið fyrir óskað eftir upplýsingum um lóðakaup Ísafjarðarbæjar síðastliðin 5 ár, og hugsanlegan samanburð við sambærileg sveitarfélög.

– eirikur@bb.is

# Mikilvægt að hjálpin sé til staðar

Það eru tímamót hjá Stefáni Dan Óskarssyni. Hann hefur selt líkamsræktarstöðina Stúdíó Dan sem hann hefur rekið í tvo áratugi ásamt konu sinni Rannveigu Hestnes og ætliar að setja á stofn nudd- og ráðgjafarmiðstöð, þá fyrstu sinnar tegundar á landsbyggðinni. „Ég er búinn að selja Stúdíó Dan og er að fara að setja upp fyrirtækið Ráðgjafar- og nuddsetrið. Það verður til húsa að Sindragötu 7, þar sem Sushiverksmiðjan var áður með skrifstofuhúsnæði. Þar fer ráðgjöfin fram og ég stefni á að opna um miðjan ágúst eða í byrjun september. Þetta er í framhaldi af námi sem ég stundað í vetur. Ég er orðinn löggiltur ráðgjafi með alþjóðaréttindi í ráðgjöf fyrir fjölskyldur og í áfengis- og vímuvörnum. Námið fór bæði fram í fjarnámi og svo þurfti ég að ferðast suður þrjár helgar í mánuði í allan vetur. Ég hef verið trúnaðarmaður hjá SÁÁ í 26 ár og fékk það metið í náminu. Meiningin með ráðgjafarsetrinu er að fólk geti komið í eftir meðferð hjá mér eftir að það hefur lokið meðferð. Hingað til

hefur eingöngu verið boðið upp á eftir meðferð í Reykjavík en hún tekur 8 mánuði. Fólk á að mæta einu sinni í viku og því hafa þeir sem ákveðið hafa að fara þessa leið þurft að flytja suður til þess að geta farið í eftir meðferðina. Bara nú í vetur missti Ísafjörður tvær fjölskyldur suður vegna þessa. Þannig að það er mikið atriði að þetta sé í boði á staðnum. Ég er líklega fyrsti sjálfstætt starfandi ráðgjafinn úti á landi. Annars staðar hafa ráðgjafar starfað í sambandi við áfangahús og meðferðarstofnanir. Ég kem til með að starfa í mjög góðu sambandi við Skóla- og fjölskylduskrifstofuna auk þess að við munum hafa ýmsa aðila sem bakhjarla; sýslumann, lækni, prest og fólk sem hefur starfað við áfengis- og vímuvarnarmál. Það er því teymi á bak við ráðgjafann til þess að geta veitt sem besta aðstoð. Til dæmis væri með þessu móti hægt þegar kemur að dómsmálum að samræma fangelsisvistun og meðferð. Sama gildir þegar fólk þarf á spítalavist að halda auk meðferðarinnar. Þannig verður alltaf fagað-



li til að meta stöðuna. Svo kemur þarna líka inn í kennari eða námsráðgjafi sem gæti meðal annars gefið ráð í sambandi við unglunga, hvernig væri hægt að vinna sem best úr þeirra málum og sam-

ræma allar aðgerðir.“

## Allir geta leitað til ráðgjafasetursins

„Þetta hefur aldrei verið í boði hér fyrir vestan og mikill fengur að fá svona þjónustu í bæinn, hvort sem það er ég sem sinni henni eða einhver annar. Við sem höfum starfað sem trúnaðarmenn fyrir SÁÁ og aðrir sem hafa fetað þessa braut sem óvirkir alkóhólistar sjá að það bráðvantar svona stöð. Við höfum þurft að sækja þessa þjónustu suður með tilheyrandi kostnaði og öðru slíku. Þetta er ekki hægt nema bæjarfélagið og sveitarfélagin í kring komi að þessu fjárhagslega og með stuðningi þeirra fagaðila sem vinna hjá þeim. Þá held ég að það megi segja að Ísafjörður sé einna best settur í þessum málum á öllu landinu. Þarna koma þessir ýmsu aðilar að vandamálinu sem ein heild. Fólk getur því leitað á einn stað með vandamál sín í staðinn fyrir að þurfa að fara allar þær leiðir sem það hefur hingað til þurft. Það hefur kannski þurft að leita sér meðferðar fyrir börnin sín eða sig sjálf. Það getur reynst mjög erfitt því fólk hefur enga þekkingu til þess.“

– Getur hver sem er leitað til ráðgjafarmiðstöðvarinnar?

„Já hver sem er. Ráðgjöfin snýst að miklu fleira en því sem kemur að áfengis- og vímuvörnum. Þetta snýst um að geta tekið á vandanum og

unnið úr honum á staðnum í stað þess að þurfa senda börn og unglunga, og jafnvel aðra, frá okkur til þess að fá hjálp. Þetta er mikið betri stefna. Við sjáum það fyrir okkur að þetta verði meðferðarstöð líka, setjum á fót göngudeild hér á Ísafirði, eins og þær sem finna má fyrir sunnan, sem miðast við að fólk verði ekki lagt inn til þess að fara í meðferð. Þess í stað heldur fólk áfram í sinni vinnu og býr heima hjá sér en mætir til ráðgjafa reglulega. Talið er að 80% þeirra sem fara í meðferð hefði nægt að fá meðferð á göngudeild. En þar sem ég er sjálfstætt starfandi hef ég opnari möguleika að leita út fyrir SÁÁ ef á meðferð þarf að halda. Eins og t.d. til Gunnarsholts, Krísvíkúkur og Stuðla sem er rekið af ríkinu. Ég mun reyna að koma einstaklingnum í þá vistun sem hentar honum best. Þá verður ekki í boði bara þessi eina lausn sem hefur verið í boði hingað til. Næsta verkefni mitt er að fara suður og starfa þar inn á meðferðarheimilum og göngudeildum um tíma og kynna mér allar aðstæður. Ég mun gera þetta í þessum mánuði. Skólastjóri ráðgjafaskólans verður minn lærifaðir í að reka svona stöð.

Hann hefur komið svona stöðvum á fót út um allan heim; Póllandi, Bandaríkjunum, Ungverjalandi og víðar. Hann vinnur í samstarfi við ýmist ríkið eða einkaaðila og hann hefur rekið fjölda svona stöðvar. Það er ekkert lítil

fengur fyrir mig að fá hann til að aðstoða mig. Hann kemur til Ísafjarðar í haust og hjálpar mér að komast í gang og gefur mér leiðsögn inn í verkefnið.

Ég hef ekki fengið neitt annað en góðar viðtökur vegna verkefnisins. Ég hef náttúrulega starfað við þetta í 26 ár. Þetta byggist fyrst og fremst á trúnaði við skjólstaðinga mína. Ég held að trúnaðurinn sé gagnkvæmur, að mér sé treyst hérna. Um leið kostar allt svona pening og þetta gæti kostað bæjarfélagið eitthvað en ef lítið er á framtíðina og heildina er mun dýrara að hafa ekkert svona til staðar. Það getur gert fjölskyldum og einstaklingum svo mikið slæmt ef þeir rata ekki á rétta braut og finna ekki úrræði. Það getur farið mjög illa og jafnvel endað með sjálfsvíg þegar hjálpin var ekki til staðar þegar á þurfti. Þó að við trúnaðarmennirnir séum víða á Vestfjörðum förum við ekki inn á þetta verkefni, við erum bara til staðar ef fólk leitar til okkar.“

– Þörfin er því greinilega mjög mikil fyrir fleiri úrræði á staðnum?

„Það er gífurlega mikil þörf. Ég sé fyrir mér að þetta sé ekki starf fyrir aðeins einn mann, en góðir hlutir gerast hægt. Ég þarf náttúrulega að sanna mig hérna í bænum. Þó ég sé búinn að því að sumu leiti hef ég ekki farið svona að því. Aðalatriðið er að geta starfað með þessu fagfólki í bænum sem hefur menntun hver á sínu sviði. Ég

## Viltu fá það reglulega?



Frá og með næstu mánaðamótum verður útgáfudegi Bæjarins besta breytt úr miðvikudegi í fimmtudag. Jafnframt verður hætt að ganga í hús og selja blaðið í Bolungarvík, Suðureyri, Súðavík, Flateyri og Þingeyri. Þar verður eingöngu hægt að nálgast BB í lausasölu í verslunum. Áskrifendur á þessum stöðum munu hins vegar fá blaðið sent heim í pósti að morgni útgáfudags

Söluastaðir BB á ofangreindum stöðum eru:

**Bolungarvík:** Samkaup Strax – Shell-skállinn – Bjarnabúð  
**Suðureyri:** Söluskáli Esso  
**Súðavík:** Víkurbúðin  
**Flateyri:** Eyrarhótt  
**Þingeyri:** Söluskáli Esso

Það er mun ódýrara að vera áskrifandi auk þess sem blaðið berst árla á útgáfudegi. Hægt er að gerast áskrifandi í síma 456 4560 eða á þar til gerðu formi á [bb.is](http://bb.is)

þori að fullyrða að með tilkomu þessarar hjálpar mun ástandið í bænum hvað þessi mál snerta verulega batna. Fólk getur leitað svara við spurningum eins og: Hvert á ég að fara til að leita hjálpar og af hverju get ég ekki sent barnið mitt í meðferð. Fólk áttar sig oft ekki á muninum á barni sem er orðinn fíkill og því sem er fiktari. Ef við náum að grípa í taumana nógu snemma getum við komið í veg fyrir að það verði fíkill. Alls ekki á að senda barnið í burtu. Það ætí alltaf að vera síðasta hálmstraíð til að grípa í. Því miður er oft ófugt að því farið.“



**Taka þarf á vandanum strax**

– Það má því búast við að tilkoma ráðgjafasetursins verði bylting í bænum? „Ég myndi segja það. Þetta er það besta sem gæti komið fyrir Ísafjörð því þau mál sem koma upp á borð hjá setrinu verða þau sem snerta breiðasta og stærsta vandamálið.“ – Hvað varð til þess að þú ákvaðst að fara út í þetta nám? „Skólinn er nýr, hefur aðeins verið við lýði í tvö ár. Ég vissi af honum strax en hann var geysilega dýr og eins hefði ég ekki getað farið út í þetta hefði ég haldið áfram að reka stúdíóið. Svo þegar ég ákvað að selja breyttust aðstæðurnar. Salan er að ganga í gegn núna eftir að hafa verið á döfnni í nokkuð marga mánuði. Ég lét því slag standa og skellti mér í nám. Þetta er þróunarverkefni sem er kvíðablandið. Það er enginn vandi að klúðra málunum og ef það er ekki stuðningur frá bæjarfélaginu verður ekkert úr þessu. Þá getur miðstöðin ekki starfað svo einfalt er það. Flestir minna skjólstæðinga eru þeir sem geta ekki borgað mikíð.“ – Stuðningur bæjarbúa hlýtur að einnig skipta að skipta miklu máli. „Já, það gerir það. En miðað við það sem ég hef fundið eru allir að hlakka til að þetta komist í gagn. Ég hef ekki fengið neinar mótbárur. En það eru ekki allir sem hafa hugmynd um hve áfengis- og vímuvandamálið er stórt á Ísafirði og í nágrenna byggðalögnum. Það er svo vel falið og er ekki orðið sýnilegt fyrir en það er orðið að stórvandamáli. Málið er að láta það aldrei gerast og taka á þessu strax. Fólk má samt vera viss um að vandamálið er hvorki verra né skárri hér en annars staðar. Þetta er vandi alls staðar.“ – Nú voru meðferðarúræði fyrir unglinga í vímu-

vanda eitt af kosningalofordunum í Ísafjarðarbæ, svo að stjórnvöldin hafa greinilega hugmynd um þörfina fyrir þessu. „Já, allir listarnir höfðu þetta á stefnuskránni og allir hlyntir þessu fyrir kosningar. Svo kemur í ljós hvað gerist. Við eigum eftir að setjast niður og finna út hvað pakkinn muni kosta bæjarfélagið. Á höfuðborgarsvæðinu og nágrenna byggðalögnum er hafður þann háttur á að félagsþjónustan sendir skjólstæðinga sína til ráðgjafar. Þá er samið við ráðgjafann um hversu marga tíma einstaklingurinn er talinn þurfa og félagsþjónustan borgar það. Í sumum tilfellum hefur viðkomandi efni á þessu og þá borgar félagsþjónustan þjónustuna að hluta. Þetta eru oft tilfelli sem koma að unglingum.“ – Telur þú að það verði þér til bóta eða trafala að í svona nánu samfélagi þekkja þig allir? „Ég var hræddur við það fyrst og mér bauðst vinna á þremur á meðferðarheimilum fyrir sunnan og einu í Danmörku. Það togaði svolítið í mig að fara að vinna á einhverju þeirra, allavega í einhvernu tíma.“ Það sem hélt mér hér heima var sú fullvissa um að ef ég færi myndi miðstöðin aldrei verða að veruleika. Það eru alls ekki allir sem geta gert þetta svona, maður þarf kannski að vera kauplaus í nokkra mánuði og fara í dýrt nám án þess að hafa örugga fjárhagslega stöðu að loknu námi. Ég treysti mér í þetta af því ég hef nóg að gera í nuddinu og get samræmt þetta tvennt. Ég tel líka að það muni vera til góðs að þekkja fólk þí þú þá hafa myndast tengsl. Ég verð trúnaðarmaður áfram eins og síðustu 26 ár og aðrir trúnaðarmenn verða auðvitað ennþá til staðar. Ég held á þeim árum hafi verið leitað til mín um 400 sinnum. En það hefur oft verið um sömu mann-

eskjuna að ræða.“

**Kveður Stúdíó Dan með söknuði**

– Heldurðu að þú eigir ekki eftir að sakna Stúdíó Dan? „Jú, ég er þegar byrjaður að sakna þess“, segir Stefán og hlær. „Þetta er voðalega erfitt, við höfum rekið staðinn í 20 ár og mótað hann frá grunni. Í byrjun voru 5-6 kúnnar á dag en í nú eru þeir stundum upp í 200. Ég held að ég muni sakna mest allra vinanna og kunningjanna í stúdíóinu sem maður hefur kynnst og fara svo í starf þar sem er mun færri fólk. En það er líka spennandi að takast á við eitthvað nýtt. Sérstaklega svona verkefni sem er áhættuverkefni. Það skiptir miklu fyrir mig, skjólstæðinga mína og fjárhagslega afkomu fjölskyldunnar að þetta gangi upp.“ – Starfið hlýtur að vera mjög krefjandi. „Það er mjög krefjandi og maður er á vaktinni allan sólarhringinn. Það er svo mikil hætta að maður brenni yfir. Ég þykist nú eiga 26 reynslu að baki sem gerir það að verkum að ég viti nokkurn veginn út í hvað ég er að fara og þekki þær hættur sem þarf að varast. Ég verð líka í samstarfi við þau samtök sem eru til staðar. SÁÁ, Al Anon, AA, Kjarnakonur, félag fólks með geðraskanir og fleiri samtök. Því þeirra viðfangsefni munu koma einnig inn á borð hjá mér. Það verður eins mikil tenging og hægt er. Auðvitað verður full nafnleyn en við munum samt reyna að vera í eins miklu samstarfi og hægt er. Hugmyndin er sú að tengiliðir allra þessara samtaka munu hafa aðstöðu í ráðgjafasetrinu. Ábyrgðin verður að dreifast á marga aðila því, eins og kennarinn minn sagði eitt sinn, er ráðgjafastarfið eitt það hættulegasta sem til er, vegna þess að ef skjólstæðingurinn fær ekki rétta hjálpar getur farið svo illa. Það er of mikil ábyrgð fyrir ráðgjafann að bera einn. Þess vegna er svo mikilvægt að hafa fagaðila á bak við sig, sem hafa sína sérþekkingu, til að leita til ef á þarf að halda. Það er forsenda þess að þetta geti gengið. Vonandi mun maður samt aldrei þurfa á því að halda. Þetta verður að öllu jöfnu mjög spennandi“, segir Stefán sem fetar nú þá varasömu braut að hjálpa þeim sem á þurfa að halda. Án efa verður það öllum til góðs að Ísfirðingar og nærsveitarmenn muni eignast fyrsta sjálfstætt starfandi ráðgjafann á landsbyggðinni. – *thelma@bb.is*

**Útgáfudagur BB fær-ist aftur um einn dag**

Í byrjun ágúst mun útgáfudagur Bæjarins besta færast aftur um einn dag. Frá stofnun blaðsins, 14. nóvember 1984, hefur blaðið ávallt komið út á miðvikudögum, en af óviðráðanlegum orsökum þarf að færa útgáfudaginn til fimmtudags. Frá sama tíma verður hætt að ganga í hús til að selja blaðið á öllum þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar. Askrifendur blaðsins á þessum stöðum munu fá blaðið sent heim á fimmtudagsmorgni og verður dreifingin í höndum Íslandspósts. Öll lausasala fer hins vegar fram í verslunum og sjoppum á stöðunum. Þar sem mun ódýrara er að vera áskrifandi, eru lesendur blaðsins á þessum stöðum hvattir til að gerast áskrifendur tímanlega. Óbreytt söluform verður hins vegar á Ísafirði að því undanskildu að útgáfudagurinn breytist. Þá verður óbreytt dreifing til áskrifenda blaðsins um land allt. Sölustaðir BB utan Ísafjarðar verða Samkaup, Shell skálinn og Bjarnabúð í Bolungarvík, Víkurbúðin í Súðavík, Sölskálinn Essó á Þingeyri og Suðureyri og verslunin Eyrarbot á Flat-eyri. Hægt er að gerast áskrifandi með því að hringja í síma 456 4560 eða skrá sig á þar til gert form á bb.is.



Saltfiskreiturinn í Neðstakaupstað.

**Saltfiskur verkaður með gamla laginu**

Líkt og undanfarin sumur stendur Byggðasafnið fyrir verkun á saltfiski í Neðstakaupstað á Ísafirði. Fiskurinn er verkaður með gamla laginu, flattur og sólpurkaður á reitunum í Neðsta. Jón Sigurpálsson segir að safnið kaupir um eitt tonn af þorski á hverju sumri og er búið að salta og þurka fyrra hollid en fiskurinn er verkaður í tveimur áföngum. Að sögn Jóns er um óvenju góðan árgang að ræða, fiskurinn er skjannahvítur og ekki of þurr. Það eru gestir safnsins sem kaupa fiskinn auk þess sem hann er seldur í vönduðum gjafapakningum og eitthvað er um að verslanir hafi fiskinn til sölu. – *smari@bb.is*

**Byggðasafni Vestfjarða færðar góðar gjafir**

Bræðurnir Björn og Jakob Garðarssynir færðu á föstudag Byggðasafni Vestfjarða muni úr rúmlega 100 ára verslunarsögu Björnsbúðar á Ísafirði. Ýmissa grasa kenndi í góssinu, m.a. vogir, kaffikvöm, búðarkassar og margt fleira. Langafi þeirra bræðra, Björn Guðmundsson, hóf verslunarrekstur við Smiðjugötu árið 1894 og tíu árum síðar flutti hún að Silfurgötu 1 þar sem hún var allar götur til 1997 þegar búðin var seld. Á sjöunda áratugnum var húsið sem stendur við Silfurgötu 1 byggt og var búðin þá starfrækt um sex mánaða skeið í húsnæði sem í daglegu tali er kennt við fyrirtækið Straum. Við flutningana glötuðust margir munir frá fyrstu áratugum verslunarinnar. Héraðsskjalasafninu hefur verið afhent mikið af skjölum úr rekstri verslunarinnar,



Björn Garðarsson afhendir Birni Baldurssyni frá Byggðasafninu veggspjald sem gert var í tilefninu 80 ára afmælis Björnsbúðar í Silfurgötu 1.

enda er saga Björnsbúðar einnig saga Ísafjarðar síðustu 100 árin. Björn Garðarsson var síðasti verslunarmaðurinn í Björnsbúð en hún var alla tíð rekin af sömu fjölskyldu. – *smari@bb.is*

# Þögn Láru Rúnarsdóttur

Lára Rúnarsdóttir er ung söngkona ættuð frá Ísafirði sem hefur unnið sér inn sívaxandi vinsældir frá því fyrsta plata hennar, Standing Still, kom út árið 2003. Þann 26. maí síðastliðinn kom svo út önnur sólóplata hennar, Þögn, hjá plötuútgáfunni Senu. „[Lögin] eru allt frá því að vera ljúf og angurvær en svo má líka heyrja kraftmikinn takt sem hrítir upp í hlustandanum. Þögn Láru Rúnarsdóttur ber því alls ekki nafn með rentu, því á henni eru yndislegir tónar með textum sem láta engan ósnortinn“, segir meðal annars um plötuna í fréttatilkynningu. Vestfirðingar, sem og reyndar Íslendingar allir, ættu að kannast við lagið Ókunnugi maður sem hlaut nokkuð mikla spilun fyrst í ár. Þá má nefna að Íslandsvinurinn Damien Rice, sem brætt hefur hjörtu rómantískari Íslendinga með tónlist sinni síðastliðin ár, á gestaleik á plötunni og syngur með Láru í laginu Why, en það gerði hann í framhaldi af því að Lára hitaði upp fyrir hann á tónleikum í Reykjavík. Lára vinnur nú að því að kynna þessa glænýju plötu sína, og heldur tónleika víða um land af því tilefni.

Fyrir ættfræðipyrsta ber svo að geta þess að faðir Láru er enginn annar en Rúnar Þórisson, sem löngum gerði garðinn frægan með ísfrisku hljómsveitinni Grafík.

## Melódísk og tilfinningaþrungin tónlist

– Þú ert að koma á fimmtudaginn til að fylgja eftir þessari nýju plötu? Segðu mér að eins frá plötunni.

„Já, ég spila í Tjörúhúsina

á fimmtudag. Þetta er mín önnur plata. Við tókum hana upp síðasta sumar í Studio Silence. Á þessari plötu vinn ég meðal annars með þeim Jagúar-bræðrum, Berki Hrafni og Daða. Þetta eru tólf lög og textar, allt eftir mig. Lögin eru bæði á íslensku og ensku, en meiriparturinn þó á íslensku, en nokkur lög eru á ensku.“

– Hvernig músík er þetta?

„Þetta er melódísk, róleg tónlist með mikilli tilfinningu.“

– Myndirðu kalla þetta tilfinningalegt uppgjör?

„Jú, ætli það ekki. Svo sannarlega. Þetta er önnur platan mín, eins og ég segi, en fyrri platan sem kom út árið 2003 hét Standing Still.“

## Datt óvart inn í tónlistarheiminn

– Hver myndirðu segja að væri helsti munurinn á þessum tveimur plötum?

„Þögn er meira mín eigin plata, mitt eigið persónulega verk. Á Standing Still voru lögin reyndar líka eftir mig, en við vinnuna að Þögn hafði ég mótaðri hugmyndir um hvað ég vildi gera. Við unnum svo eftir þeim hugmyndum sem ég kom með í upphafi, og þó margt hafi breyst í ferlinu hélt þessi grunnur. Ég vissi að ég vildi gera lágstemmda, fallega plötu.“

– Er hún heilsteypari þá?

„Ég held þær séu báðar mjög heilsteypar, reyndar. En Þögn er mun rólegri plata.“

– Er hún einlægari, er það það sem þú átt við þegar þú segir að hún sé meira þitt eigið verk?

„Nei, ég á frekar við að séð frá allri próduksjón á plötunni, þá var ég miklu meira með puttanu í því á Þögn. Það var

eitthvað minna af því á fyrri plötunni. Þegar ég gerði Standing Still hafði ég eiginlega bara dottið óvart inn í tónlistarheiminn og vissi ekki vel hvað ég vildi. Á þeirri plötu lenti ég sem betur fer með rosalega góðum tónlistarmönnum svo hún kom mjög vel út. Það hefði getað farið á hvaða veg sem er því að ég var svo ómótað. Í dag er ég mótaðri sem tónlistarmaður og einstaklingur, og kannski líka dálítið ákveðnari.“

## Feðginadúett á tónleikum

– Standing Still kemur út 2003; þú segist hafa verið blaut á bak við eyrun þegar hún var gerð. Hefurðu lært mikið á þessum árum sem hafa liðið síðan?

„Já, tvímælalaust. Ég vissi náttúrulega ekki neitt þegar ég byrjaði. Ég hef myndað mér skoðanir á því hvað það er sem ég vil, og hvað ég vil ekki. Þó ég viti það kannski ekki fullkomlega í dag heldur“, segir Lára og hlær.

– Þú ert sem sagt enn að þróast sem tónlistarmaður?

„Já, að sjálfsgöðu. Ég hætti aldrei.“

– Hverjir eru þetta sem eru að spila með þér á plötunni?

„Þetta eru þeir Börkur Hrafni og Daði Birgissynir, svo er Pétur Sigurðsson á bassa og Kristinn Snær Ragnarsson á trommum. Sem sagt hann Kiddi sem var í Hjálmmum.“

– Svo er hinn heimsfrægi Damien Rice gestaleikari hjá þér. Eru fleiri gestir?

„Já, ég fékk Damien til að syngja eitt lag með mér, og svo spilar Siggí Flosa á saxófón í einu lagi.“

– Kemur þetta band með þér vestur?

„Nei, þessir menn eru svo



uppteknir, þeir komast ekki vestur. Við ætlum að spila þessi lög saman, við faðir minn. Verðum þarna saman sem dúett í Tjörúhúsina, feðginin.“

## „Vil finna að ég sé að verða betri“

– Ertu að fara allan hringinn?

„Ja, eða svona, smá hring. Ég spilaði í Keflavík í gær [fimmtudaginn 21. júlí, innsk. blm.], fer á Akureyri á sunnudag, Húsavík á þriðjudaginn og svo Ísafjörð á fimmtudag. Síðan tek ég nokkur gigg í bænum eftir það.“

– Þú hefur verið að læra söng nokkuð lengi er það ekki, frá því töluvert áður en fyrri platan kom út, er það ekki?

„Jú, ég tók burtfararprófið nú í vor og hafði þá verið að læra söng í sex-sjö ár. Ég lærði við söngdeild Tónlistarskóla Kópavogs.“

– Hvaða markmiðum viltu ná með músíkinni?

„Ég vil í raun bara vera ánægð sjálf með það sem ég er að gera, og mína þróun sem tónlistarmaður. Ég vil finna að ég sé að verða betri sem tónlistarmaður, og ef einhver nennir að hlusta á mig er það þarna plús. Ég held áfram hvernig sem fer.“

## „Það er svo gott að koma til Ísafjarðar“

– Nú er pabbi þinn náttúrulega Rúnar Þórisson, Ísfirðingum góðkunnur. Hefur þú

mikið verið á Ísafirði sjálf?

„Já, ég var á Ísafirði öll sumur þar til ég er um sautján ára gömul. Þá hætti ég að fara vestur. Ég hef ótrúlega sterkar tilfinningar til Ísafjarðar. Þarna lærði maður að gera ýmislegt skemmtilegt í fyrsta skipti sem unglingsur, það er villt partíllf á Ísafirði.“

– Hefurðu spilað mikið hér vestra?

„Ég spilaði á Aldrei fór ég suður fyrsta árið, og svo spilaði ég með pabba og hljómsveitinni hans á síðustu hátíð.“

– En er þetta í fyrsta skipti sem þú ert að koma ein?

„Já.“

– Ertu spennt?

„Já, heldur betur. Ég hlakka bara svo til að komast vestur. Það er svo gott að koma til Ísafjarðar.“ – eirukur@bb.is

## ■ RITSTJÓRNARGREIN

# Breytingar hjá Bæjarins besta

Frá og með næstu mánaðamótum verða tvær breytingar er varða útkomu og dreifingu blaðsins: Útgáfudagur verður framvegis fimmtudagur og hætt verður að ganga í hús og selja blaðið utan Ísafjarðar; þar verður sú breyting ein á að lausasalan færast aftur um einn dag.

Frá því að sala blaðsins hófst hafa sérstakir umboðsmenn séð um lausasöluna í Bolungarvík, Suðureyri, Súðavík, Flateyri og Þingeyri. Í gegnum árin hafa því margir á þessum stöðum komið að dreifingu þess. Nú þegar sú staða er uppi að ekki reynist lengur unnt að dreifa blaðinu áfram með þessum hætti, er ekki önnur leið fyrir hendi en að koma blaðinu fyrir í lausasölu í verslunum og söluskálum á þessum stöðum. Hefur þetta verið rækilega auglýst blaðinu. Á þessum tímamótum vill BB þakka öllu því góða fólki, umboðsmönnum og sölubörnum, sem í gegnum árin hafa unnið mikið og gott starf í þágu blaðsins, fyrir samfylgdina.

Til að spara staðföstum lesendum ómakið við að nálgast blaðið, þegar hætt verður að ganga með það í hús, utan Ísafjarðar eins og fyrr segir, hefur verið samið við Póstinn um dreifingu blaðsins til fasta áskrifenda að morgni útgáfudags í öllum byggðakjörnum á norðanverðum Vestfjörðum. Betra getur það vart orðið. Bæjarins besta hvetur því sem flesta áhugamenn um áframhaldandi útgáfu blaðsins að gerast áskrifendur. Það er beggja hagar; áskrifandans með því að fá blaðið reglubundið að morgni útgáfudags og mun ódýrara;

blaðsins sem með því öðlast þar með fjölmennari, fastan stuðningsmannahóp.

## „Tímamót“

Meðan beðið er eftir að samkomulag stjórnvalda og Landssambands eldri borgara verði þýtt af hinu hefðbundna stofnanamáli, sem fæstir skilja, yfir á „mannamál“, almenningi til aflestrar, eins og það var orðað við blaðið, bíður umfjöllun um „tímamótasamninginn“, sem sagður er færa eldri borgurum margþættar bætur. Þó skal tekið undir með Morgunblaðinu, í leiðara er bar yfirskriftina „Hlustað á aldraða“, en þar segir: „Segja má að stærsti sigur aldraðra og samtaka þeirra sé sá, að hafa náð eyrum stjórnvaldamannanna og fengið þá til að hlusta á umkvörtunarefni sín og kröfur.“

Ög eflast er það líka rétt hjá Morgunblaðinu, að fyrir samtök, sem ekki hafa náð eyrum stjórnvalda svo árum skiptir, og sem hafa á sama tíma sýnt fram á með óyggjandi hætti að kjör stórs hluta skjólstæðinga þeirra hafa farið versnandi, þá kunna fyrirheit um frekari viðræður að skipta máli, þrátt fyrir allt.

s.h.

# Hraði gliðnunar í Óshlíðarsprungu eykst

Gliðnunarhraði í sprungu nokkurri á Óshlíð hefur stórkæmst á milli ára, að því er fram kemur á fréttavef Ríkisútvarpsins. Á síðastliðnu ári ku sprungan hafa gliðnað um eina fimm millimetra, en á 21 ári frá 1982 til 2003 gliðnaði hún alls um einn sentimetra. Á síðastliðnum þremur árum hefur sprungað því gliðnað jafn mikið og 23 ár þar á undan. Það var Jóhann Hanni-

balsson, snjóflóðaæfirtillsmaður í Bolungarvík, sem mældi. Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík, hyggst tilkynna almannavarnarnefnd Bolungarvíkur um stöðu mála en ef gliðnunin heldur áfram með þessum hætti má búast við miklu framhlaupi og þá flóðbylgju í kjölfarið.

Síðastliðið sumar mældu starfsmenn Vegagerðarinnar

með GPS-tækni, en yfirleitt hefur hún einfaldlega verið mæld með málbandi. Síðastliðin ár hefur gliðnunin mælst um tveir millimetrar á ári, og hefur gliðnunarhraði því ríflega tvöfaldast á milli ára. Sprungan er um 30-40 metra löng og hafa menn vitað af henni lengi. Fram hefur komið að menn óttist að allstórt stykki geti hrunið úr fjallinu og þó ekki sé talið um bráða

hættu að ræða, þykir ástæða til að fylgjast vel með. Ekki er vitað hversu djúp sprungan er eða hvert hún liggur.

Fyrir tveimur árum bókfærðu tveir starfsmenn Veðurstofu Íslands, Esther Hlíðar Jensen og áðurnefndur Jóhann Hannibalsson, í minnisblaði að mögulega væri ástæða til að óttast að allstórt stykki, allt að 50-100 þúsund rúmmetrar, gæti hrunið úr brúninni yfir

vegin og í sjó fram. Hættan væri hins vegar ekki yfirvofandi.

Vitneskja um þessa sprungu er ekki nýlega til komin. Hún er nefnd í bók Ólafs Jónssonar, Skriðuföll og snjóflóð, sem kom út 1957. Þar er talað um sprungu sem er uppi á fjallinu sem fari víkkandi og ef það haldi áfram gæti svo farið að spilda félli úr fjallinu. Fyrstu mælingar sem vitað er um

voru gerðar árið 1923 og var hún þá rúmur 30 metrar að lengd. Í ár var hún hins vegar mæld rúmur 34 metrar að lengd. Í minnisblaði Estherar og Jóhanns kemur fram að samtals hafi mælst um 1,2 cm gliðnun á sprungunni síðan 1982 og að síðustu árin hafi gliðnunarhraðinn farið vaxandi því síðustu tvö ár hafi gliðnun mælst um 2 mm hvort ár. – eirikur@bb.is

## Ekki gripið til sérstakra ráðstafana vegna gliðnunar sprungu í Óshlíð

Lögreglustjórnarnir í Bolungarvík og Ísafirði funduðu með fulltrúum Vegagerðarinnar í síðustu viku, og ræddu þar stöðu mála vegna gliðnunar sprungu í Óshlíð. Ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana vegna gliðnunarinnar. Sérfræðingur Vegagerðarinnar segir líkur á því að sprungan haldi áfram að gliðna eftir því sem hún fylgist af jarðvegi, og

jarðfræðingur Náttúrustofu Norðurlands, sem hefur fylgst með þróun mála, tekur í sama streng. Eins og fram hefur komið gliðnaði sprungan um eina fimm millimetra á síðasta ári, en frá 1982 til 2003 gliðnaði hún alls um einn sentimetra. Síðustu ár hefur gliðnunin svo verið um 2 millimetra á ári, svo ljóst er að gliðnunarhraðinn hefur tvö-

faldast á milli ára.

Ef gliðnunin heldur áfram með þessum hætti má búast við miklu framhlaupi og þá flóðbylgju í kjölfarið. Sprungan er um 30-40 metra löng og hafa menn vitað af henni lengi. Fram hefur komið að menn óttist að allstórt stykki geti hrunið úr fjallinu, en ekki er vitað hversu djúp sprungan er eða hvert hún liggur. Fyrir

tveimur árum bókfærðu tveir starfsmenn Veðurstofu Íslands, Esther Hlíðar Jensen og áðurnefndur Jóhann Hannibalsson, í minnisblaði að mögulega væri ástæða til að óttast að allstórt stykki, allt að 50-100 þúsund rúmmetrar, gæti hrunið úr brúninni yfir vegin og í sjó fram. Hættan væri hins vegar ekki yfirvofandi. – eirikur@bb.is



Óshlíð.



Inuusuttut Nipaa á víkingasvæðinu á Þingeyri.

## Kórinn Inuusuttut Nipaa á Þingeyri

Grænlenki kórinn Inuusuttut Nipaa hélt tónleika á víkingasvæðinu á Þingeyri á laugardag. Alls er um að ræða ríflega 22 manns, en kórinn var stofnaður árið 1990 og er að mestu skipaður ungu fólki á þritugsaldri. Góður rómur var gerður að söng kórsins og talið er að um 100 manns hafi hlýtt á söng Grænendinganna, þrátt fyrir að frekar kalt hafi verið í veðri og vindur

nokkuð mikill. Þá sýndi Kómedíuleikhúsið einleik sinn um Gísla Súrsson og var það í 99 skipti sem sýningin var sett upp. Kórinn hélt einnig tónleika á Silfurtorginu á Ísafirði á föstudag að viðstöddu fjölmenni. Kórinn kemur frá vinabæ Ísafjarðarbæjar á Grænlandi, Nanortalik. Samkvæmt upplýsingum blaðsins voru kórfélagar mjög ánægðir með heimsóknina.

# Gætu hugsað sér einkafjármögnun vegaf framkvæmda í Arnkötludal

Leið ehf. gæti vel hugsað sér að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið þegar félagið vildi fara í einkafjármögnun vegna vegaf framkvæmda í Arnkötludal. Jónas Guðmundsson, stjórnarformaður Leiðar segist í samtali við ruv.is ekki geta til þess hugsað að ekki verði farið í framkvæmdir á dalnum í haust. Eins og kunnugt er tók ríkisstjórn Íslands ákvörðun um það á dögunum að fresta vegaf framkvæmdum til að slá á þenslu í þjóðfélaginu. Fimm verk í stærri kantinum voru á áætlun næstu eitt til tvö árin, en þau eru, auk vegaf framkvæmda í Arnkötludal, fram-

kvæmdir í Hrutafjarðarbotni, Kollafirði í Gufudalssveit, Mjóafirði og lagning slitlags á Drangnesvegi.

Mikil ósátt hefur verið meðal manna hér vestra vegna boðaðra frestana og hafa langflestir viðmælendur blaðsins mælt þeim allt til foráttu. Hafa menn þá oft haft á orði að undarlegt sé að láta Vestfirðinga gjalda þenslu sem svo augljóslega eigi ekki upptök sín neitt nærri Vestfirðunum. Þá flögguðu vegagerðir í hálfu stöng til að sýna harm sinn vegna uppátækisins og Fjórðungssambandið talaði um „reiðarslag fyrir vestfirskt samfélag“ í ályktun sinni um

málið. Ekki er vitað hvað frestun vegaf framkvæmdanna verður löng, hafa engar tölur verið nefndar í því sambandi, en í grein Einaris K. Guðfinnssonar, sjávarútvegssráðherra, þingmanns Vestfirðinga og flokksbróður samgönguráðherra, á bb.is fyrir skemmstu sagði m.a.: „Hér er um frestun framkvæmda að ræða, en ekki niðurskurð. Aldeilis fráleitt er að tala um að þessi frestun verði áralöng, eins og sjá hefur mátt í umræðum.“

Skipulagsstofnun tók nýlega ákvörðun um að breyting á lagningu Tröllatunguvegar um Arnkötludal og Gautsdal skuli ekki háð mati á umhverf-

isáhrifum. Um er að ræða breytingu á fyrirhugaðri vegalagningu um Arnkötludal og Gautsdal frá því sem Skipulagsstofnun kvað upp úrskurð um þann 8. september 2005 en í úrskurðinum var fallist á leið 1 vestan Arnkötludalsár og leið 6 N austan árinna. Kærufrestur er til 8. ágúst.

Árið 2001 vann verkfræðistofan Línuhönnun hf. skýrslu fyrir Veg, áhugamannafélag um arðsemi vegar milli Hólmavíkur og Gilsfjarðar um Arnkötludal og Gautsdal. Þar var metin svonefnd þjóðhagsleg arðsemi við lagningu vegar þessa leið. Niðurstöðum skýrslunnar var skipt í fernt

eftir ólíkum forsendum og var ávallt gert ráð fyrir 6% reiknivöxtum. Þá var miðað við að umferð í upphafi yrði samkvæmt teljara Vegagerðarinnar eða um 40 þúsund bílar á ári, og miðað við að kostnaður við lagningu vegarins yrði um 525 milljónir króna.

Niðurstöður skýrslunnar voru sem hér segir: Forsenda 1: Veginn færur 40 þúsund bílar á ári sem þó fjölgaði smám saman. Arðsemi 10,9%. Forsenda 2: Veginn færur 30 þúsund bílar á ári sem fjölgaði ekki eftir sem árin liðu. Arðsemi 7,6%. Forsenda 3: Sama umferð og í lið eitt, en öll umferð færi um Þorskaftar-

arheiði fjóra mánuði á ári. Arðsemi 5,1%. Forsenda 4: Veginn færur 40 þúsund bílar á ári eins og í lið eitt, en vegtollur yrði innheimtur. Arðsemi 17,8%.

Í lok skýrslunnar sagði: „Hafa ber í huga að forsendur eru hófsamar og öruggar megin. Það hlýtur að vera vandfundin arðsamari framkvæmd á Vestfirðum.“

Einkahlutafélagið Leið hefur lengi barist fyrir bættum vegasamgöngum fyrir Vestfirðinga. Félaginu er ætlað að beita sér fyrir framþróun í samgöngum á landi með því m.a. að annast einkafjármögnun. – eirikur@bb.is



# Altmúligmaðurinn Maggi Hauks

Það er ekki óalgeng sjón að sjá mann með sítt svart hár, í svörtum leðurjakka og klossum, þeysa um hafnarsvæðið á Ísafirði á lyftara með nokkur kör af fiski og oftast en ekki er hann í símanum. Þessi sjón endar yfirleitt á því að hann er stokkinn upp í flutningabíl og brunar eitthvað í burtu. Maðurinn er Magnús Hauksson og það er fátt sem hann hefur ekki tekið sér fyrir hendur og menn kunnugir honum segja að það fyrsta sem þeim detti í hug ef leysa þarf vanda- mál, er að hringja í Magga Hauks, hann getur iðulega leyst þau. Magnús hefur verið viðloðandi Ísafjörð síðustu þrjátíu árin, þar af með fasta búsetu í aldarfjórð- ung. Hann hefur komið víða við, rekið vídeóleigu, matsölustað, haldið úti lönd- unargengi og margt fleira. Blaðamaður skellti sér í hádegismat til Magnúsar niður í Tjöruhús þar sem hann er með veitingasölu og fór síðan með honum inn í Súðavík að ná í nokkur tonn af ýsu.

„Ég er fæddur í Borgarnesi en á ættir mínar að rekja austur á Hérað og á Norðausturland. Ég ólst upp á Egilstöðum og við ferminu flutti fjölskyldan til Reykjavíkur. Við stöldrúð- um stutt við þar því við flutt- um til Svíþjóðar þar sem við bjuggum í tæp þrjú ár. Eftir það var flutt aftur til Reykja-

víkur.

Upp úr 1970 fékk ég ægi- lega skíðadellu. Hún hafði að vísu byrjað í Svíþjóð. Það var í Vermland, en ekki ómerkari kappi en Ingemar Stenmark var að leika sér í þeim brekk- um, en það má vel vera að við höfum rennt okkur saman. En hann er reyndar eitthvað yngri

en ég.

## Ég elti brekk- urnar til Ísafjarðar

„Í framhaldi af þessari skíða- dellu frétti ég af Menntaskól- anum á Ísafirði og ég áleit það kjörið að jafnhliða því að fara í menntó gæti ég stundað skíð- in grimmt. Þetta var árið 1974. Ég hafði reyndar komið hing- að áður, það var árið 1972. Þá kom ég vestur yfir páska, gisti hjá Sigrúnu móðursystur minni sem hefur verið búsett hér lengi. Í Menntaskólanum kynntist ég eiginkonu minni, Ragnheiði Halldórsdóttur og eigum við þrjú börn, Hauk 25 ára, Salóme 10 ára og Guð- mund sem er nfu ára. Ég fór aðeins suður til Reykjavíkur að loknu stúdentsprófi en ég hef verið hér sleitulaust síðan 1980. Ég byrjaði á að fara á sjó, var á Bessanum, á Engil- ráði með tengdaföður mínum, Halldóri Hemannssyni, og einnig á rækjubátum í Súða- vík. Ég laskaðist svo í hnénu og þá þurfti ég að finna mér eitthvað annað að gera.“

## Pólarvídeó og Sjómannastofan

„Eymslin í hnénu komu í veg fyrir það að ég gæti verið á sjó og mig vantaði eitthvað að gera og úr varð að ég stofnaði Pólarvídeó í árslok 1984. Það er fyrsti sjálfstæði at- vinnureksturinn sem ég var í. Þá var ekkert sjónvarp á fimm- tudögum og Stöð tvö ekki komin til sögunnar, þetta voru sannkölluð gullaldirar í víde- óleigurekstri. Það var svo mikið að gera á leigunni í Pólgötu 10 að á háannartímum var löggan á fullu að sekta bíla sem lagt var ólöglega fyrir utan leiguna enda lítið um bílastæði. Ég var alvarlega að spá í að malbika lóðina við húsið. Á þessum tíma var ég kominn með mikinn áhuga á matargerð þrátt fyrir enga reynslu, nema bara heima hjá mér. Af mikilli bjartsýni þá fórum við hjónin út í það að reka matsölu, þ.e.a.s. Sjó- mannastofuna. Ég réði mér kokka til að elda matinn og það má segja að ég hafi notað vídeó gróðann til að fjármagna

upphaf Sjómannastofunnar. Fólk áttar sig ekki alveg á hvað það voru miklir peningar í vídeóinu á þessum tíma. Ég stofnaði Sjómannastofuna vorið 1986 og hún var í mest- um blóma þegar rækjuflotinn var hvað stærstur, í kringum 1987. Mikið var að gera fram yfir 1990 og þá fór að halla undan fæti og 1993 hættir Sjó- mannastofan rekstri. Við vor- um með marga afbragðsgóða kokka og af þeim lærði ég mikið.

## Löndunargengið

„Um það leyti sem Sjó- mannastofan er að líða undir lok þá hafði ég verið viðloð- andi landanir úr Skutli og í desember 1990 hafði Pétur Geir Helgason samband við mig vegna þess að það vantaði menn til að landa frosinni rækju úr togara sem var að koma til Ísafjarðar. Eftir það varð ekki aftur snúið og varð alveg óskaplega mikið að gera, sérstaklega milli 1992– 95. Þá voru hér þrjár frystitog- arar auk rækjuflotans. Það kom fyrir tvisvar að við lönd-

uðum úr þremur frystitogur- um í einu. Það var fimm manna gengi sem gerði ekkert annað en að landa og hafði næga vinnu og gott betur því oft var kallað á aukamann- skap. Löndun er skorpuvinna sem gefur ágætlega í aðra hönd og margir af þessum strákum sem voru hjá mér rák- ust ekki vel í hefðbundinni vinnu, en þetta voru hörku- strákar og reyndust mér vel. Við lönduðum úr rækjubátun- um kl. sex á morgnana og vorum búnir um hádegi og þá var þeim vinnudegi lokið. Rækju var ekki landað á föstu- dögum nema ef það hafði ver- ið bræla og hugsuðu menn sér gott til glóðarinnar að fá langt helgarfrí, en oftast en ekki voru frystitogalandanir um helg- ar. Það var mikið púsluspil að raða þessu saman, því bátar og skip voru að koma inn alla daga vikunnar, hvenær sem er sólarhringsins og allir vildu þeir fá löndun strax. Í dag eru þetta ekki nema örfáar frysti- togaralandanir á ári og eigin- lega bara Júlíus Geirmunds- son sem landar hér og ekki einu sinni allir túrar.



Eftir að löndunin fjarði út þá tók ég að mér að þrifa rækjuverksmiðjur, bæði Rista og Básafell og var í því í nokkur ár. Það er eitt það vanþakklátasta starf sem ég hef verið í ásamt því að vera það leiðinlegasta. Ólafur Guðmundsson á heiður skilinn að hafa hangið í þessu í meira en tíu ár. Hann byrjaði hjá mér og er enn að.

### Akstur og útgerð

„Í kringum aldamótin var fiskisala á mörkuðum farin að aukast verulega. Ég átti bíla sem ég hafði notað í löndunum og á sama tíma hafði löndunum fækkað verulega og ég byrjaði að keyra fisk lítillga. Ég hafði reyndar gert eitthvað af því áður fyrir Einar Garðar Hjaltason og það var áður en göngin komu og farið var yfir heiðina. Þetta vatt upp á sig og ég keypti gamla bíla af Vífilfelli sem eru enn í notkun. Þetta byggir á því að flytja fisk á milli byggðakjarna á norðanverðum Vestfjörðum, einnig detta inn túrar sem við förum lengra. Þetta er mín aðalvinnna í dag og mér líkar þetta mjög vel þrátt fyrir að vinnudagurinn geti verið langur. Það er einhverveginn þannig að ég hef alltaf verið í vinnu sem er mikið að gera í, ég virðist sækja í þetta eða vinnunni í mig.

Árið 2003 þá ætlaði ég að græða helling á útgerð, ásamt félagamínnum, og gekk í ábyrgð fyrir bát. Báturinn var í rúmmetrakerfinu og kerfið var þannig að menn voru öruggir að losna við bátana ef reksturinn gekk ekki upp. Það vildi nú ekki betur til en svo að skömmu seinna breytti Alþingi reglunum. Sá sem var með mér í þessu hætti útgerð og ég sat uppi með bátinn og orðinn útgerðarmaður. Ég gerði bátinn út í þrjú ár. Á bátinum var mjög lítill kvóti, þetta var akkúrat á þeim tíma sem ýsa og steinbitur voru kvótasett og það féll örlítil kvóti á bátinn. Það var reynt að gera út, en meira af vilja og áhuga en mætti. Við fengum einhverv byggðakvóta og það reddaði okkur. En eitt árið kom enginn byggðakvóti og það er mjög erfitt að gera út kvóta. Þá gafst ég upp á þessu og seldi bátinn og þann kvóta sem fylgdi honum. Þegar dæmið var gert upp þá kom í ljós að hagnaður hafði verið á útgerðarbrótti mínu, ekki mikill að vísu og fór hann umsvifalaust í ódyrt mótórhjól!”

### Sjö árarreglan og Tjöruhúsið

„Ég hef haft það fyrir reglu, eða kannski er það tilviljun, að skipta um starfsvettvang á sjö ára fresti. Ég var á sjó í sjö ár, Pólarvídeó var starfrækt í sjö ár sem og Sjómannastofan. Ég landaði í sjó ár og þó að ég geri það enn er það ekki neitt til að tala um og er langt frá því að vera mitt aðalstarf. Núna hef ég verið að keyra í



Magnús í eldhúsinu í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað.

sjö ár og spurning hvað gerist. Margt af þessu skaraðist eitt-hvað. Núna er ég kominn aftur í veitingabransann en við Ragnheiður tókum við Tjöruhúsinu fyrir tveimur árum síðan. Það er verulega gaman að byrja að elda aftur og ég er reynslunni ríkari eftir að hafa verið með Sjómannastofuna. Ég lærði mikið af kokkunum sem ég var með í vinnu þar og allt sem ég kann fyrir mér í eldamennsku lærði ég af þeim. Áður en við tókum við Tjöruhúsinu hafði verið hér stúpa-staður og kaffisala fyrir ferðamenn sem sækja safnið en við förum strax í það að vera með mat og eldum einungis fisk ásamt hrefnu. Það er enginn sérstök ástæða fyrir því að vera bara með fisk önnur en sú að eldhúsið er mjög lítið og erfitt að koma fyrir ofnum og því er það hentugt að vera fyrst og fremst með pönnu-steiktan fisk, súpur og plockfisk. Þetta hefur líkað nokkuð vel og verið stígvaxandi og við kvörtum ekki. Saltfiskeveislurnar sem eru á tveggja vikna fresti hafa verið vel sóttar. Ísfirðingar eru duglegir að koma niður á safn í hádeginu og fá sér plockkara eða steiktan fisk.”

### Bíladella og frímerkjasöfnun

„Ég var með svakalega mótórhjóladelu þegar ég var ungur og það eimir af henni enn. Ég hef reynt að eiga alltaf hjól og nú er ég á góðu hjóli

sem ég hef átt í nokkur ár. Ég hef óskaplega gaman af því að keyra um Vestfirðina á hjólinu og ég held að fólk hafi ekki átt að sig á hvað þetta er skemmtilegur ferðamáti. Maður getur keyrt upp um fjöll og firnindi á gömlum vegaslóðum og mjög hentugt að stunda þetta hér því vegalengdirnar eru svo stuttar. Ég er bara búinn að keyra smotterí af þeim slóðum og vegum sem hægt er að keyra en þetta er alveg svakalega gaman.

Ég hef einnig delli fyrir fombílum þó ég sé ekki praktiserandi í þeirri delli og þá er ég veikastur fyrir amerískum bílum. Ástæðan fyrir því er sú að þegar ég tek bílpróf í kringum 1970 þá voru síðustu leifarnar af amerísku köggunum enn á götunni. Það er til dæmis staðreynd í Fornbílaklúbbnum að hægt er að sjá á árgerð bílsins hversu gamlir eigendurnir eru, menn halda í þá árgerð bíla sem þeir keyrðu fyrst.

Stærsta áhugamálið var alltaf frímerkjasöfnun og ég átti nokkuð gott safn. Þegar ég var á Bessanum þá fór ég í siglingu til Cuxhaven og þá var mjög erfitt með gjaldeyri og ég brá á það ráð að taka frímerkinn með. Ég tók lest til Hamborgar og fann frímerkjabúð og seldi þeim íslensk frímerki. Fyrir ágóðann keypti ég forláta Normende hljómfutningstæki sem mér tókst með undraverðum hætti að smygla heim.“

### Miklar breytingar

Magnús hefur allt frá því að hné eymsli urðu til þess að hann stofnaði Pólarvídeó fyrir tuttugu árum verið í eigin rekstri og komið víða við eins og áður er getið. Hann hefur gripið þau tækifæri hafa gefist. Hann segir að mörg tækifæri leyntist á Ísafirði ef menn vilja sjá þau.

„Breytingar hafa verið gífurlegar frá því að ég kom hingað í Menntaskólann fyrir rúmum þrjátíu árum og margt af því til batnaðar. Í umhverfismálum hefur verið gífurleg þróun til góðs, bærinn er mun snrytilegri og fallegri en hann var. Útgerð og fiskvinnsla er mjög daufleg á Ísafirði í dag en það má kannski færa rök fyrir því að sú starfsemi eigi betur heima á stöðum sem styttra er á miðin, eins og á Flateyri, Bolungarvík og Suðunin. Ísafjörður virkar þá meira sem þjónustukjarni. Þessa byggðakjarnahugmynd boðaði Davíð Oddsson á sínum tíma og mér finnst þetta rétt hugsað. Mér finnst synd og skömm að nýta ekki hafnaraðstöðuna hér betur. Það er gjörsamlega óskiljanlegt að vera með alla þessa flutninga á vegunum og stórskemma þá og valda óþarfa hættu í umferðinni meðan gríðarleg hafnarmannvirki eru illa nýtt. Þetta segi ég þrátt fyrir að vera sjálfur að keyra flutningabíla.

Það er leiðinlegt að flutningaskipið Jaxlinn skyldi hætta flutningum en ég var afgreiðslumaður hans á Ísa-

firði. Eitt skip er kannski að eyða olíu á við tvo til þrjú bíla en þeir eru í mesta lagi að flytja tuttugu tonn. Áttatíu prósent af öllum flutningi er hægt að skipuleggja fram í tímann og flutningsaðilar á Ísafirði gætu alveg skipulagt sig ef það væru tvær skipaferðir á viku eins og var. Ég held að í höfninni liggi mörg tækifæri. Uppskipunar- og vörugjöld eru alltof há og því þyrfti löggjafinn að breyta og með því gera hafnirnar samkeppnishæfari. Sjóflutningar myndu örugglega aukast og á Ísafirði er höfnin faktískt í miðbænum og mikið svæði á eyrinni þar sem hægt væri að byggja upp iðnað.

Í Reykjavík er illi iðnaðarstarfsemi flóknari, höfnin er á einum stað og fyrirtækið á öðrum stað og heimikið vesen með tilheyrandi kostnaði að flytja aðföng og afurðir. Þegar vara er komin upp í bíl eða skip skiptir ekki höfuðmáli hversu langt varan er flutt, það er auðvitað dýrara að flytja vörur lengri vegalengdir, en stór hluti af kostnaðinum liggur í lestun og losun sem er óháð vegalengdum. Hér er iðnaðarsvæðið lyftara-færi við höfnina og mikið af ónýttu byggingalandi í næsta nágrenni við hana. Iðnaður ætti því að geta gengið hér, en þetta byggir allt á því að höfnin verði nýtt.

Ekki má gleyma þeirri vörubrúun sem hefur verið hjá frystihúsunum, þ.e.a.s. hjá Kambi, HG og Íslandssögu. Þeir hafa verið að léttsalta saltfisk og er það úrvalshráefni. Ég nota nánast ekkert annað í saltfiskveislurnar í Tjöruhúsinu. Það má ekki gleymast að mikið af sóknarfærum er í sjávarútvegi. Meðan menn framleiða svona góða vöru herna þá mun eftirsurnin ekki láta á sér standa.

### Stál og Hnífur

Í samræmi við sjóárarreglu Magnúsar ætti fiskflutningum hans að ljúka innan skamms og eitthvað annað að taka við og það væri honum ekki líkt að taka því rólega eða lesa atvinnuauðgýsingar í dagblöðum.

„Það er ekki í spilunum að hætta að keyra enda er þetta gott starf sem mér líkar vel við. En það sem er mest spennandi núna er Stál og Hnífur en það er fyrirtæki sem ég á í. Fyrir fimm árum stofnuðum við fyrirtækið, ég, Halldór Eraclides sem prímusmótor Stáls og Hnífs, Júlíus Pálsson og Guðmundur Hólm Indriðason. Fyrst um sinn sinntum við slægingu og flökun í skemmu niður á höfn og færðum okkur síðar í svokallaðan Sultartanga. Í fyrra flutti fyrirtækið til Súðavíkur og var það fyrst og fremst af praktískum ástæðum en við vinnum talsvert fyrir fiskeldi Hraðfrystihússins – Gunnvarar sem staðsett er í Súðavík. Reksturinn hefur gengið þokkalega og við erum mest í afskurðarvinnslu sem lofar nokkuð góðu. Sú

vinnsla liggur reyndar niðri akkúrat núna enda lítið um afskurð í kvótaárslok. Það er ekki langt síðan við byrjuðum að fullvinna afskurðinn og framundan eru spennandi tímarnir hjá Stáli og Hnífi. Ég tek ekki þátt í daglegum rekstri fyrirtækisins, hann hefur verið á herðum Halldórs og Magnúsar Gauts Gíslasonar sem kom inn í fyrirtækið í stað Júlíusar, og hafa þeir leyst það vel af hendi. Ég var munstraður sem stjórnarformaður fyrirtækisins, ekki af því að ég hafi sérstaka hæfileika til stjórnarformennsku heldur þurfti einhver að bera titilinn, en ég reyni að gera gagn eftir fremsta megni.”

### Líður best milli fjalla blárra

„Þrátt fyrir alla bölsýni undanfarinna ára þá er það staðreynd að hér verður alltaf byggð, á því er enginn vafi. Mér líður alltaf best þegar ég er kominn á milli fjallanna bláu. Ísafjörður er gamalgróinn menningarbær og á Eyrinni er afskaplega gott að búa, stutt í allt og aðlaðandi bæjarhluti. Ég held að á Ísafirði sé búið í öllum húsum þannig að sú fólksfækkun sem hefur orðið hefur ekki haft þau áhrif.

Göngin voru algjör bylting fyrir okkur og styrktu byggðina hér gríðarlega. Norðanverðir Vestfirðir eru eitt atvinnusvæði í dag og hafa verið síðan göngin komu og ég væri líklega ekki að keyra fisk um allar trissur ef ekki væri fyrir þau. Það sama má segja um göngin sem eiga að tengja Siglufjörð og Ólafsfjörð, menn tala um þau sem fjárustaur fyrir örfáa en þau eiga eftir að styrkja svæðið mikið. Ekki má heldur gleyma fyrirhuguðum göngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Ég hef talsvert keyrt milli norður og suðursvæðisins og Hrafnseyrarheiðin finnst mér vera versti farartálminn. Dynjandisheiðin er ekki svo slæm en þarfnast samt talverðra lagfæringa. Það er ekkert varið í að hrúga öllu fólk í suðvesturhornið, allt landið verður að vera í byggð.”

–Eru orðinn Ísfirðingur?

„Nei ég held ekki. Ættartengslin herna eru ennþá að koma mér á óvart eftir öll þessi ár. Það eru ótrúlegir þræðir sem liggja út um allt og tengja fólk og fjölskyldur og ég mun seint læra inn á það til hlítar. Þegar hér var komið við sögu var ferð okkar Magnúsar til Súðavíkur, sem byrjaði á úrvals plockfiski í Tjöruhúsinu, lokið. Nokkur tonn af ýsu voru komin á markað á Ísafirði og biðu kaupanda og meiri fiskur beið flutnings. Mér skildist á honum að ferðinni væri heitið til Bolungavíkur og Þingeyrar og svo önnur ferð til Súðavíkur um kvöldið.

Milli ferða skellir hann sér í eldhúsið og tófrar fram dýrindis sjávarrétti í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði.

– smari@bb.is

# Aðflugsbúnaður að Ísafjarðarflugvelli endurnýjaður

Á næsta ári verður tekinn í notkun nýr aðflugsbúnaður að Ísafjarðarflugvelli. Að sögn Guðbjörns Charlessonar umdæmisstjóra Flugmálastjórnar á Ísafirði verður um mikla byltingu að ræða. Aðflugsvitinn verður fluttur úr Ögri við Ísafjarðardjúp í Hnífsdal auk

þess sem tæki og tól verða endurnýjuð en þau eru komin til ára sinna. Þar sem aðflugsvitinn er nú staðsettur í Ögri fljúga flugvélar úr geislanum þegar þær koma til Ísafjarðar og gefur það mun ónákvæmari upplýsingar heldur en þegar flogið er inn í geislan eins

og mun verða þegar búnaðurinn verður tekinn í notkun í Hnífsdal.

Einnig geta flugmenn flogið nær fjarðarmynnunni í blindflugi með meiri nákvæmni og ljóst þykir að færri flug munu falla niður vegna lélegs skyggis eftir að nýtt kerfi verður tekið í notkun. Guðbjörn segir að í sjálfu sér sé um sömu tækni að ræða þ.e. miðlín-

sendir með fjarlægðarmæli, en búnaðurinn í Ögri sé barn síns tíma. Kostnaður við nýjan búnað og uppsetningu hans er á bilinu 40 til 50 milljónir króna og fékkst fjárveiting til kaupanna á næsta ári. Þá er einnig fyrirhugað að kanna á næsta ári aðflug til Þingeyrar með hliðsjón af GPS tækni og í kjölfarið skoðaðir möguleikar til næturflugs þangað.



Ísafjarðarflugvöllur.

## Þjónustustarf

SKG veitingar á Hótel Ísafirði óska eftir að ráða starfskraft í sal. Um vaktavinnu er að ræða.

Nánari upplýsingar gefur Karl í síma 895 0292 frá kl. 09-16 alla virka daga.

## Atvinna

Vífell hf., óskar eftir að ráða einstakling til starfa við uppröðun á vörum fyrirtækisins í verslanir á Ísafirði og í Bolungarvík í ágúst. Um er að ræða hálf dags vinnu og þarf viðkomandi að hafa bílpróf og bíl til umræða.

Upplýsingar veitir Jenni í síma 845 6797.

## Blaðamaður

Blaðamaður óskast til starfa á Bæjarins besta og bb.is frá og með mánaðarmótum ágúst/september. Viðkomandi þarf að hafa góða íslensku kunnáttu, geta unnið sjálfstætt og hafa góða þekkingu Vestfjörðum.

Nánari upplýsingar veitir Sigurjón J. Sigurðsson í síma 456 4560.

## Atvinna

Starfsmann vantar til verslunar- og úttekylustarfa.

Upplýsingar á Húsgagnaloftinu í síma 456 4566.

## Aflaverðmæti eykst á Vestfjörðum

Verðmæti afla eftir staðsetningu verkunarstaðar frá janúar til apríl í ár eykst um 12,3 prósent sé miðað við sama tímabil í fyrra samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Í ár var aflaverðmætið á tímabilinu 1425 milljónir króna samanborið við 1268 milljónir árið 2005.

Sé apríl mánuður skoðaður kemur í ljós í ár var verðmæti afla 357 milljónir en í fyrra

var aflaverðmætið 352 milljónir króna og er það aukning um 9,8 prósent. Þessar upplýsingar byggja á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem Fiskistofa safnar frá fiskkaupendum. Fyrir árið 2006 er stuðst við bráðabirgðatölur en endanlegar tölur liggja að baki talna fyrir árið 2005.

Athuganir benda til þess að endanlegar tölur séu að hámarki 1-2% hærri en bráða-

birgðatölur þegar á heildina er litið en fyrir örfáar fiskteygur getur munurinn þó orðið meiri. Verð á mörkuðum hefur hækkað mikið undanfarna mánuði auk þess sem íslenska krónan hefur fallið samtalsvert í verði og á það vafalaust sinn þátt í auknu aflaverðmæti.

Á landinu í heild hefur aflaverðmæti dregist saman um tæpan milljarð króna eða um 3,8 prósent. Mesti aflasam-

drátturinn í krónum talið er í uppsjávarfiski eða um rúma tvo milljarða, en veiðar og vinnsla á loðnu og síld hafa ekki verið stór partur af vestfirskum sjávarútvegi. Hlutfallslega er mesti samdrátturinn í aflaverðmæti rækju, en verðmæti rækju hefur fallið um 47 prósent og fyrstu fimm mánuði þessa árs var verðmæti rækjuafans á Íslandi einungis 98 milljónir.

## Samþykktu deiliskipulagstíllögu þrátt fyrir andstöðu

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt breytingar á deiliskipulagi á Suðureyri þrátt fyrir þær fjórar athugasemdir sem bárust, en þær ku hafa lýst mikilli óánægju með fyrirhugaðar breytingar á svæðinu á milli Sætúns og Þjóðvegur á Suðureyri.

Athugasemdirnar bárust frá íbúum í Sætúni, þeim Guðnýju Guðmundsdóttur og Sigurvín Magnússyni, frá Þorleifi K. Sigurvínssyni og Arnheiði I. Svanbergsdóttur og Unni Sigurvinsdóttur og Paul Fawcett. Þá barst líka athugasemd frá Náttúrustofu Vestfjarða fyrir hönd Jens Hólm frá Suðureyri.

Umhverfisnefnd fjallaði um málið á fundi sínum á dögunum og lét bóka að deiliskipulagstillagan væri í samræmi við gildandi aðalskipulag og lagði í framhaldinu til við bæjarstjórn að tillagan yrði samþykkt óbreytt.

— eirikur@bb.is



Suðureyri.

● Sælkeri vikunnar · Salóme Ingólfssdóttir á Ísafirði

## Grillaður steinbítur

Sælkeri vikunnar býður að þessu sinni upp á grillaðan steinbít vafinn inn í ítalska parma skinku. Salóme mælir með að fiskurinn sé borinn fram með grilluðum kartöflum, salati og grillaðri papriku. Eftirrétturinn er klassískur, en það er Himnesk súkkulaðikaka.

### Grillaður steinbítur

400 gr. sneið af þykku roð- og beinlausu steinbítflaki  
4 sneiðar Parma skinka

8 lauf fersk basil  
Svartur pipar  
Ólífuolía

Skerið steinbítflakið þvert í tvo jafna bita. Piprið aðra hliðina og ræðið basil laufum ofan á. Rúllið sneiðunum upp og vejið tveimur sneiðum af Parma skinku utan um. Piprið að utan eftir smekk. Gott er að setja smá olíu á fiskinn áður en hann er settur á grillið. Snúið fiskinum þannig að skinkan eldist allan hringinn og setjið fiskinn þá á sitthvorn

endann í 2-3 mín. eftir þykkt.

### Sósan

4 msk. af sýrðum rjóma, 1 msk. af límónusafa, salti og pipar blandað saman og látið taka sig í ísskápnum þar til maturinn er tilbúinn.

### Himnesk súkkulaðikaka

½ bolli sterkt kaffi  
200 gr. púðursykur  
200 gr. sykur  
350 gr. smjör  
300 gr. suðusúkkulaði  
100 gr. ljóst rjómasúkkulaði

5 stór egg

Kaffið sett í pott og sykrinum bætt út í. Látið suðuna koma upp. Takið af hellunni og bætið smjöri og súkkulaði saman við sykursblönduna. Má ekki sjóða eftir að súkkulaðið og smjórið er komið út í. Hrærið vel í blöndunni. Eggin hrærið saman, þeim bætt í blönduna og allt hrært vel saman. Stórt spring-form með lausum botni er smurt vel. Klæðið mótið að utan með álappír til að koma í veg fyrir að deigið leki úr forminu



meðan kakan bakast. Deiginu hellt í mótið, sett í 180°C heitan ofn og bakað í 60 mín. Kakan er kæld í 3-4 klst. áður en hún er borin fram. Gott að bera fram með ferskum berjum

og þeyttum rjóma.

Ég skora á systur mína Kolfinnu Ýr Ingólfssdóttur og mág minn Eirík Kristjánsson á Reykhólum að koma með næstu sælkeramálitið.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra skrifar um vegamála

# Ábyrgar aðgerðir í efnahagsmálum og samgöngumálum

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að sporna við verðbólgu eru óumflýjanlegar. Við núverandi aðstæður í verðlagsmálum var það skylda ríkisstjórnarinnar að senda skýr skilaboð inn á fjármálamarkaðinn að hægja þurfi á m.a. með því að draga tímabundið úr opinberum framkvæmdum. Eins og við var að búast veldur það mörgum vonbrigðum að fresta þurfi framkvæmdum, ekki síst við vegagerð.

Á það ekki síður við um íbúa Vestfjarða, sem aðra landsmenn, sem fögnuðu áformum um miklar framkvæmdir samkvæmt samgönguáætlun og horfðu fram á betri tíð með bættum vegasamgöngum. En hækkanði verðbólga ógnar afkomu heimilanna í landinu og því verðum við að láta það ganga fyrir að hemja verðbólguna og tryggja stöðugleikann.

framkvæmdir verða ekki stöðvaðar.

Það sem hins vegar hratt af stað skriðu verðhækkana og spennu með verðbóluskoti var sá hrunadans húsbýgginga á höfuðborgarsvæðinu sem hófst með því að Íbúðalánasjóður og síðan bankarnir hófu að lána stjórnlaust til íbúðakaupa og íbúðabýgginga svo nam allt að 90% byggingarkostnaðar. Jafnvel voru dæmi um að allt verð íbúðarhúsnæðis væri fjármagnað með lánunum. Þetta kosningaloforð varð því til að hrinda af stað mikilli óheillapróun í verðagsmálum sem nú er verið að bregðast við. Og ég held að flest allir viðurkenni það og sjái núna að Íbúðalánasjóður og bankarnir fóru offari í útlánunum og spenntu upp byggingamarkaðinn með fyrrgreindum afleiðingum.

**Hlutur sveitarfélaga**

Sveitarfélögin, eins og bankarnir, eru miklir áhrifavaldar um þróun á vinnumarkaði og verðbólgunnar í landinu. Því beinir ríkisstjórnin því til sveitarstjórnanna að þær dragi saman seglin á meðan framkvæmdakúfurinn við virkjanir gengur yfir. Flestar sveitarstjórnir hafa tekið þessu vel og fagna í raun og veru aðgerðum ríkisstjórnarinnar, því sveitarfélögin þurfa að draga saman seglin í framkvæmdum eftir mikið þensluskeið framkvæmda á síðasta kjörtímabili.

Nú skiptir miklu máli að



Sturla Böðvarsson.

Samband íslenskra sveitarfélaga hafi framkvæði að því að ramma inn samræmdar aðgerðir sveitarfélaganna í landinu svo ríkisstjórnin geti tekið ákvörðun um það hvenær einstök mjög mikilvæg verkefni á sviði samgöngumannvirkja geta farið í útboð án þess að það raski stöðugleika og ögni þeim friði á vinnuarkaði sem komið hefur verið á.

**Unnið verður að undirbúningi verka sem ekki eru tilbúin**

Þegar ákvörðunin um frestun framkvæmda var tilkynnt herra, jafnframt þau fyrirmæli að halda ætti áfram undirbúningi þeirra framkvæmda sem samgönguáætlun gerði ráð fyrir að ættu að hefjast í ár og á næsta ári. Með því vinnulagi væri hægt að setja af stað útboð með stuttum fyrirvara. Það er vert að minna á það

hvað varðar framkvæmdir við vegagerð á Vestfjörðum að það var samgönguráðherra sem lagði fram samgönguáætlun og fékk hana samþykkt. Eftir henni er unið.

Með þessari samgönguáætlun og með auknum fjármunum vegna sölu Símans var hægt að hefja undirbúning að þeim verkum í vegagerð sem nú eru mest umrædd. Og nú vildu allir Lilju kveðið hafa og tala fjálglega um nauðsyn þess að ljúka sem fyrst þeirri vegagerð sem samgönguáætlun gerir ráð fyrir. Þar er um að ræða brú yfir Mjólfjörð og Reykjafjörð og lok vegagerðar í Ísafjarðardjúpi, nýjan veg um Arnkötludal (sem sumir vilja kalla Stranddalveg), endurbyggingu vegar um Svínadal og endurbyggingu Vestfjarðarvegur í Gufudalsveit þar sem gert er ráð fyrir þverun fjarðanna sem mun bæði stytta leiðina mikið og tryggja vetrarfæran veg.

**Viða mikil þörf fyrir vegagerð**

Um allt land er kallað eftir fjármunum til vegagerðar og gildir það ekki síst á höfuðborgarsvæðinu þar sem háværustu kröfugerðarhóparnir eru. Og samgönguráðherrann er m.a. skammaður af forsvarsmönnum Samfylkingarinnar fyrir að leggja of mikla áherslu á vegagerð úti á landi. Það er ástæða til þess að minna Vestfirðinga á að það er í tíð núverandi samgönguráðherra sem þessar miklu framkvæm-

dir komust á hönnunar- og framkvæmdastig og jarðgöng til Bolungarvíkur eru innan seilingar sem munu bylta búsetuskilyrðum í Bolungarvík.

Næsta stórvirkið verða síðan jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Á þá framkvæmd mun ég leggja mikla áherslu í samgönguáætlun og

vænti þess að njóta stuðnings til þess frá öllum Vestfirðingum að koma þeirri framkvæmd af stað enda verður þá séð fyrir endann á þeim verkum sem að framan eru nefnd. Það er sanfæring mín að árin 2007 og 2008 verði ár hinna stóru framkvæmda í samgöngumálum á Vestfjörðum.

**Verðbólguna verður að stöðva**

Þeir sem muna tímabil óðaverðbólgunnar geta ekki hugsað sér að upplifa það ástand aftur. Því varð ríkisstjórnin að ganga hart fram og leita allra leiða til þess að stöðva verðbóluskriðuna sem komin er af stað. En hvað veldur þessari þróun? Allir vita að í landinu eru mestu framkvæmdir sögunnar á sviði stóriðju sem og vatnsafls- og gufuaflsvirkjana. Áhrif þeirra framkvæmda voru fyrirséð og áttu ekki að hafa svo mikil áhrif og þær

**TRYGGVI GUDMUNDSSON HDL**  
löggitur fasteignasali

Hafnarstræti 1 • Ísaförð • Sími 438 3244  
Faxi 438 4547 • Netfangi eign@trygvi.is  
Heimasíða: www.trygvi.is

<p>130 m<sup>2</sup> stúdíóhúsi á tvímenningarhúsum með útsýni á fjöllum og innbyggðum bílökum. Samtals 216,5 m<sup>2</sup>, þar af er jafnhæð 81,7 m<sup>2</sup> með bílökum sem er 21,1 m<sup>2</sup>. Aðri hæð er 84,8 m<sup>2</sup> og rísköf er 30 m<sup>2</sup>.</p> <p><b>14.500.000,-</b></p>	<p>183 m<sup>2</sup> fjögurra herbergja íbúð á 3. hæð úti vinstri í fjöðyllibúna íbúðum 17 m<sup>2</sup> stúdíóhúsi í kjallara, nýtt parket, nýtt ísaskápar og ný eldvinnslavottung, heildarbergi nýlaga uppgröf.</p> <p><b>17.500.000,-</b></p>
<p>130 m<sup>2</sup> stúdíóhúsi byggir í stúdíóhúsum árið 1977 samantals 81,3 m<sup>2</sup> bílök. Húsið er nýlaga málað að utan. Verð 15,5</p> <p><b>15.500.000,-</b></p>	<p>86 m<sup>2</sup> parkhúsi í Söluvík, byggir í tímabili árið 1997, með tvímenningarbergi.</p> <p><b>7.500.000,-</b></p>
<p>199,5 m<sup>2</sup> stúdíóhúsi á tvímenningarhúsum með bílögum. Nýtt hluti húsin var byggður árið 1979 samtals 131,8 m<sup>2</sup>. Mjög gott útsýni yfir fjöllum.</p> <p><b>16.900.000,-</b></p>	<p>194 m<sup>2</sup> stúdíóhúsi úti vinstri á tvímenningarhúsum, einangrað og klætt með stóru klæðingum, málað endarvottung, nýtt eldvinnslavottung.</p> <p><b>13.000.000,-</b></p>
<p>198 m<sup>2</sup> stúdíóhúsi úti vinstri á tvímenningarhúsum, klætt með hvítri klæðingum og einangrað, innbyggður bílök.</p> <p><b>11.000.000,-</b></p>	<p>187 m<sup>2</sup> stúdíóhúsi á tvímenningarhúsum, klætt með hvítri klæðingum og einangrað, innbyggður bílök.</p> <p><b>Tilboð áskilið</b></p>
<p>198 m<sup>2</sup> stúdíóhúsi úti vinstri á tvímenningarhúsum, klætt með hvítri klæðingum og einangrað, innbyggður bílök.</p> <p><b>8.500.000,-</b></p>	

## Hátt í hundrað húsbílar í vel heppnaðri ferð um Vestfirði

Húsbílafélag Íslands lauk sinni árlegu ferð um landið á Þingeyri á laugardag. Á hverju ári er farið í eina stóra ferð eins og félagsmenn kalla hana og að þessu sinni var farið um Vestfirði. Ferðin hófst í Borgarfirði þar sem bílarnir söfnuðust saman og fyrsti áningarstaðurinn var Borðeyri í Hrutáfirði. Hópurinn kom víðs vegar við meðal annars á Reykhólum og Tálknafirði þar sem var gíst í tveir nætur. Ferðinni lauk formlega á Þingeyri á laugardag þar með borðhaldi og dansleik þar sem Villi Valli og Baldur Geirmundsson léku

fyrir dansi. Mikil ánægja er með ferðina meðal félaga í Húsbílafélaginu, veður hefur verið afskaplega gott og reyndar svo gott að erfitt hefur reynst fyrir sumum að koma sér af stað enda eru á annan tug húsbíla niður á Sudurtanga. Þegar blaðamann bar að garði var lítið fararsnið á fólkinu, kvenfólkið sat úti í blífunni með þrjóna og garna meðan karlarnir skröfufu um málefni þessa heims og annars. Tæplega áttatíu bílar voru í ferðinni þegar mest var og 170 manns voru í kvöldverði á Þingeyri. – smari@bb.is



Fólkið alsælt með góða ferð á Vestfirði.

## Smáauglýsingar

Til sölu er Wirlpool þurrkari með barka. Sjó þurrkerfi. Hraðþurrkun. Lætur vita þegar hún er búin. Verð er samkomulagsatriði. Uppl. í síma 894 0927 (Hörður).

Til sölu er Honda Civic DXI Sedan, árg. 95, ekinn 154 þús. km. Bíll í góðu standi. Nýr vatnskassi, nýtt þúst, ný heddþakning og tímareim. Verð kr. 150 þús. Uppl. í sínum 895 2078 og 867 9068.

Vantar lítila íbúð eða herbergi með aðgang að eldhúsi til leigu nálægt Háskóla Reykjavíkur. Upplýsingar í sínum 892 7109 eða 892 0854.

Ísskápur með frystihólf í óskast fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 4097 eða 845 5625.

Til sölu er Tekka eldaveið og vífta. Mjög lítið notað. Verð kr. 30 þús. Uppl. í síma 456 4451.

Til sölu er Sako ríffill, cal. 222. Kíkir fylgir með. Upplýsingar í síma 867 2337.

Dekk og felgur til sölu. 15" króm og stálfelgur. Sumar- og vetrardekk. 30" og 33". Alls 9 stk. Verð kr. 20 þús. Upplýsingar í síma 867 2337.

Til sölu er 5 manna tjald með fortjaldi. Verð kr. 5000. Uppl. í síma 867 2337.

Til sölu er Palmir Colt fellihýsi árg. 1998. Ryðvarið, ný dekk og rafgeymir. Fortjald, upphækkad, sólarrafhlaða, grjótrind, yfirbreiðsla og klósett. Verð kr. 450 þús. Uppl. í síma 867 2337.

Óska eftir stúlku eða konu sem meðleigjanda að 3ja herb. íbúð á Sólvallagötu í Reykjavík í vetur. Viðkomandi þarf að vera bindindissöm, bæði á vín og tóbak. Uppl. gefur Inga í síma 848 2093.

Til leigu er 3ja herb. íbúð á eyrinni í vetur. Aðeins reglusamt fólk kemur til greina. Upplýsingar í síma 00 47 4807 0568.

Til sölu er sófi 3+1+1 og tekk-skapur. Uppl. í síma 845 7242.

Til leigu er 3ja herb. íbúð í efri bænum á Ísafirði. Laust 1. ágúst. Uppl. í síma 456 5445.

Óska eftir rimlarúmi. Uppl. í síma 845 7246 og 456 4469.

Til leigu er 2ja herb. íbúð á eyrinni frá 1. ágúst. Einhver húsgögn gætu fylgt. Upplýsingar í síma 663 2241.

Til sölu er trillubáturinn Sóley og pláss við flotbrýggju. Uppl. í síma 456 3842.

Til sölu er WV Golf árg. 98, ekinn 137 þús. km. Álfelgur, CD, rafmagn í rúðum. Uppl. í síma 848 2087.

Óska eftir Skoda Octavia 02-04 (4x4). Uppl. í síma 848 2087.

# Gleði og hamingja á Ögurballinu

Hið margrómaða og árvissa Ögurball var haldið á laugardagskvöld og þótti heppnast afar vel. „Þetta var æðislega gaman og allir voru brosandí út að eyrum. Það ríkti mikil gleði og hamingja á ballinu. Við fengum gott veður og svo voru margir útlendingar á staðnum sem voru mjög hrifnir“, segir Harpa Halldórsdóttir ein skipuleggjenda ballsins. Um 250 gestir sóttu ballið og léku dúettinn Halli og Þórunn

léku fyrir dansi, líkt og síðustu ár.

Að sjálfsögðu var boðið upp á rabbabara og rjóma sem er ómissandi liður á Ögurballinu. Ballið fór að vanda fram í gamla félagsheimilinu í Ögri, sem var reist 1926, og er dansballmenningin í Ögri að minnsta kosti jafn gömul húsínu. Þó lágu dansleikir niður um árabil þar til hefðin var endurvakin fyrir átta árum síðan.

Lengi vel komu menn siglandi á Ögurböll, þar sem engir akvegir lágu í Ögri, og eru bátaveigendur því jafnan hvattir til að koma á bátum sínum sem gefur ballinu sérstakt yfirbragð.

Ögri er einn sögufrægasti staður við Djúp. Þar var höfðingjasetur að fornu og kemur Ögri oft við sögu í Íslendingasögum. Mestur var vegur staðarins frá seinni hluta 15. aldar og fram á 17. öld. Þá



250 gestir voru á Ögurballinu. Myndir: Harpa Halldórsdóttir.



Mikil gleði ríkti á ballinu.

bjó hvert stórmennið öðru meira og auðugra í Ögri. Frægasti ábúandi Ögurs er án efa Ari í Ögri Magnússon sýslumaður og var hann nær einvaldur um Vestfirði á sín-

um tíma. Þekktastur er hann fyrir sinn hlut í Spánverjavíg-unum árið 1615 en hann þótti ganga hart fram þegar baskneskir sjómenn voru drepnir við Ísafjarðardjúp.

## Sigur Rós í Edinborg í kvöld

Hljómsveitin Sigur Rós heldur tónleika í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í kvöld. Tónleikarnir eru liður í mynd sem er verið að gera um hljómsveitina, land og þjóð. Ókeypis er inn á tónleikana og hefjast þeir klukkan upp úr átta. Hljómsveitina Sigur Rós þarf vart að kynna enda er hún sú íslenska hljómsveit sem mest- um árangri hefur náð í útlönd-

um að Björk undanskilinni.

Sigur Rós hélt rómaða tónleika í Alþýðuhúsinu á Ísafirði sumarið 1999 stuttu eftir að breiðskífan Ágætis byrjun var gefin út. Um aldamótin var platan valin besta íslenska platan frá upphafi. Sigur Rós gaf nýverið út breiðskífuna Takk sem hefur hlotið glimrandi viðtökur gagnrýnenda.

— smari@bb.is



### Mótorhjól til sölu

Til sölu er Suzuki GSX-R 750 T mótorhjól árg. 1996.

Upplýsingar gefur Birkir í síma 861 4230.

## Samgönguráðherra skipar nefnd um einkaframkvæmd samgöngubóta

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur skipað nefnd til að leggja fram tillögur um við hvaða aðstæður einkaframkvæmd í samgöngum getur talist vænlegur kostur, en eins og kunnugt er var ákveðið fyrir skemmstu að fresta vegaf framkvæmdum, m.a. á Vestfjörðum, til að mæta þenslu í þjóðfélaginu.

Nefndinni er falið að skila tillögum eigi síðar en 1. september þannig að hafa megi álit hennar til hliðsjónar við afgreiðslu samgönguáætlunar 2007 til 2018.

Formaður nefndarinnar er Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandsþósts, en aðrir nefndarmenn eru Halldór Árnason skrifstofustjóri, sem tilnefndur er af forsætisráðuneytinu, og Stefán Jón Friðriksson viðskiptafræðingur, sem tilnefndur er af fjármálaráðuneytinu. Ritari nefndarinnar verður Eiríkur Bjarna-

son, verkfræðingur í samgönguráðuneytinu.

Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram að borist hafi tilboð að undanföru frá ýmsum aðilum um einkaframkvæmd samgöngumannvirkja. Sem dæmi má nefna gerð vegar um Arnkötludal og gerð jarðgangna um Óshlíð.

Nefndinni er falið að taka meðal annars eftirfarandi atriði til athugunar:

1. Marka stefnu um hvaða

skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að einkaframkvæmd eigi við um samgöngumannvirki og hvenær ekki.

2. Marka stefnu um við hvaða aðstæður, hvort og á hvern hátt verði gengið til samninga við aðila sem bjóðast til að fjármagna fyrir ríkið einkaframkvæmd í samgöngum. Í því sambandi komi til álita hvort skylt sé með vísan til laga og alþjóðasamninga að fram fari almennt eða lokað

útboð þar sem fleiri aðilum en þeim sem hugmynd eiga að einkaframkvæmdinni er boðið að sinna verkinu.

3. Hvort samstarf við einka aðila um verkefni sem ekki hafa komist inni 12 ára samgönguáætlun raski innbyrðis forgangsröð annarra brýnna framkvæmda og hafi þannig áhrif til langrar framtíðar um röðun verkefna.

— eirikur@bb.is

### STAKKUR SKRIFAR

## Vestfirðingar verðmætir

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Margt skondið gerist í veröld Vestfirðinga. Vart leið langur tími frá tilkynningu um aðkomu Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrum alþingismanns, ráð- og sendiherra og einnig fyrrum leiðtoga í bæjarstjórnarmálum á Ísafirði, sem kennara að háskólanum á Bifröst til þess að skólagjöld voru hækkuð við misjafnan fögnuð nemenda. Skýring var gefin sú að hækkan stafaði af því að fá til skólans góða kennara. Að auki væru framundan miklar framkvæmdir. Það gleður hjórtu Vestfirðinga að fá þennan dóm um fyrrum skólameistara Menntaskólans á Ísafirði.

Vestfirðingar eru verðmætir samfélaginu. Það hefur lengi verið vitað og nægir að lesa sögu þjóðarinnar og Vestfjarða því til staðfestingar. Að vísu hefur verið haldið uppi hörðum árásum á Ara Magnússon sýslumann í Ögri fyrir þátt hans í drápi 18 Baska árið 1615 á Snæfjallaströnd. Þá sögu þarf að skoða miklu betur og sambengið við uppkveðna dóma varðandi vopnaeign og –notkun. Aðrir Íslendingar hafa lengi haft þá skoðun að Vestfirðingar séu þeim herskárri. Nokkuð er til í því. Nægir að líta til Hornstrendinga. Ef þeir bjuggu ekki yfir seiglu, kjarki og áræði, þá dóu þeir drottinn sínum. Hinir alhöfðustu lifðu og og kannski lifir þessi eiginleiki enn í afkomendum. Reyndar var lífið hart víðar í fjórðungnum. Sagan kennir okkur að hinn vestfirski uppruni leynist víða í stjórnsýslu- og

löggjafarsamfélaginu.

Jón Baldvin hefur án efa frá miklu að segja í fyrirlesturum í Viðskiptaháskólanum á Bifröst og það kann að reynast dýrmætt þeim er á hlýða. Hann átti sinn þátt í því að fá Íslendinga til að ganga til samstarfs um evrópska Efnahagssvæðið, sem margir telja að hafi orðið til mikilla framfara. Sá dómur sem kveðinn var upp með skýringum á því hve mikið skólagjöld hækkuðu er góður dómur um verðmæti Vestfirðinga sem fram úr hafa skarað.

Vestfirðingar hafa einnig skarað fram úr í fjölmiðlum. Tveir þekktir hafa eða eru að yfirgefa vettvang sinn. Bjarna Brynjólfssyni sem ásamt Kristjáni Þorvaldssyni kom Séð og Heyrt á koppinn, sem aftur hefur vakið mikla athygli á Ólafi Ragnari Grímssyni og glæsilegum eiginkonum hans, hefur verið sagt að taka pokann sinn, borinn þungum sökum. Hann ætlar ekki að láta deigann síga í viðskiptum við Fróða og vill hlut sinn réttann. Það er eðlilegt. Reynir Traustason er að yfirgefa Mannlíf, en segir það í góðu, þó ekki sé vitað á þessari stundu hvað við taki. Hann er að fara annað.

Vestfirðingar þurfa á öllu sínu að halda nú þegar vegaf framkvæmdum hefur verið frestað í þágu annarra Íslendinga, heildarinnar eins og það er kallað. Þá væri verðmætt að þeir sem í áhrifastöðum eru sýni hvað í þeim býr.



# mannlífíð

Ábendingar um efni sendist  
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu  
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn  
26. júlí, 209. dagur ársins 2006

**Pennan dag** árið 1953 var brúin á Jökulsá í Lóni vígð.  
Hún var þá næstlengsta brú landsins, 250 metrar.

**Pennan dag** árið 1959 synti Eyjólfur Jónsson úr Kjal-  
arnestanga til Reykjavíkur, um 10 km leið.

**Pennan dag** árið 1959 kom til mikilla átaka á dansleik  
á Siglufirði þar sem á annað hundrað skip voru í höfn  
vegna brælu á síldarmiðunum. Tólf menn slósuðust.

**Pennan dag** ári 1983 setti Einar Vilhjálmsson, Ís-  
landsmet í spjótkastrí, 90,66 metra, þegar hann sigraði  
á úrvalsmóti Norðurlanda og Bandaríkjanna.

Heimild: *Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.*

## ● Á þessum degi fyrir 40 árum



## Stórfelldar óeirðir

Miklar óeirðir urðu í hér nótt, aðallega um borð í breskum togurum sem hér liggja vegna skemmda, sem þeir urðu fyrir í norða- og norðausturlandi á laugardaginn. Togaramir eru Northern Eagle frá Grimsby, Newby Wyke og St. Andronius frá Hull. Mikil og almenn ölvun var meðal áhafna togaranna, en langmest kvað að ólátunum um borð í St. Andronius. Alls hefur verið farið með fjóra slasaða menn þaðan í sjúkrahús, þrjá Breta og einn Íslending. Einn Bretanna var fluttur með flugvél til Reykjavíkur í dag og lagður inn á Landakotsspítala. Kvartanir um framferði Bretanna tóku að berast til lögreglunnar um kl. 11:30, og var það frá Sjálfstæðishúsinu. Þar hafði drukkinn togaramúr ráðist á annan dyravörðinn, barið hann og rífið fót hans. Var óeirðarsegðurinn strax fjarlægður og settur í fangaklefa. Eftir að dansleikjum lauk eftir kl. 1 á miðnætti tók að bera allmikið á bresku sjómönnum í bænum. F'rou þeir þrjú til fimm saman í flokkum með ólát og háreisti, og varð brátt mikil þröng í lögregluvarðstofunni. Einn flokkurinn stal bíl, sem stóð í miðbænum, en tókst ekki að ræsa hreyfilinn heldur ýttu Bretarnir bílnum um göturnar meðan einn stýrði.

## ● Helgarveðrið

### Horfur á föstudag:

Austan - og suðaustan 5-13 m/s og rigning á sunn-  
anverðu landinu, en hægari og bjart norðantil. Hiti 12-  
20 stig, hlýjast norðaustanlands.

### Horfur á laugardag:

Austlæg átt, væta austanlands og með suður- og  
norðurströndinni en annars úrkomulítið. Hiti 10-18 stig.

### Horfur á sunnudag:

Austlæg átt, væta austanlands og með suður- og  
norðurströndinni en annars úrkomulítið. Hiti 10-18 stig.

### Horfur á mánudag:

Útlit fyrir NA-átt með vætu norðan- og austanlands.

## ● Spurning vikunnar

Ertu spennt(ur) fyrir að fá Subway  
veitingastað á Ísafjörð?

Alls svöruðu 684. – Já sögðu 412 eða 60% – Nei  
sögðu 129 eða 19% – Alveg sama sögðu 143 eða 21%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið  
skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## ● Hvað er að fréttar? • Halldóra Björk Norðdahl, dagamma á Ísafirði

## Lífið blómstrar á Ísafirði!

Af mér er allt þrælgott að fréttar. Lífið hefur leikið við mig síðan ég flutti aftur heim til Ísafjarðar. Keypti þetta dásamlega hús á eyrinni þar sem ég hef rekið daggæsluna mína núna í eitt og hálf ári, og bara hreint út sagt blómstra! Núna er ég nýkomin úr sumarfríi. Ég byrjaði á því að fara til Spánar með sambýlismanni mínum, systur hans og maka og börnunum okkar í 2 dásamlegar vikur. Við réðumst svo í að bæta garðinn þegar við komum heim, byggðum pall og hellulögðum, og girtum bakgarðinn alveg af. Svo er daggæslan að skriða af stað aftur, og það lítur út fyrir að verði orðið fullt hjá mér í september. Þessa stundina er ég með fullt hús af gestum og nýt sólarinnar og sumarsins til botns í nýja garðinum mínum! Svo ætla ég að drífa mig í nám og taka nokkrar einingar í fjarnámi í haust, svo að ég mun hafa nóg fyrir stafni í vetur.



# Svolítil strákastelpa í sér

Kristín Úlfarsdóttir starfar við fremur óvenjulega iðju að stelpu að vera. Hún stjórnar stærðarinnar hjólaskóflu hjá Úlfari ehf. Hún blæs þó á þær athugasemdir um að óvenjulegt sé að stelpur séu að starfa í þessum bransa og segir það engu skipta af hvoru kyni maður sé.

– Við hvað starfaður nákvæmlega?

„Ég vinn aðallega á hjóla-  
skóflu sem fyrirtækið keypti  
fyrir í vetur. Svo skemmtilega  
vill til að þegar við vorum  
stöð út í Englandi og heim-  
söttum JCB verksmiðjuna þar  
sem við keyptum skófluna var  
hún einmitt á færbandinu  
þegar okkur bar að garði. Nú  
er ég sem sagt mest á grip-  
um.“

– Hvernig kom það til að  
þú fórst að vinna við þetta?

„Pabbi minn, Úlfar Önund-  
arson, á fyrirtækið og ég vann  
hjá honum líka í fyrnasumar.  
Þá var ég þó ekki komin með  
réttindin og svo ætlaðist það  
þannig að hann sendi mig á  
námskeið fyrir sunnan og ég  
ákvað að vinna aftur hjá hon-  
um í sumar. Og þá komin með  
réttindin og svo ætlaðist það  
að vera úti og þó að vinnu-  
dagurinn sé langur þá er starf-  
ið fín tilbreyting. Ég hef líka

alltaf verið svolítil stráka-  
stelpa í mér og finnst bara  
gaman að vera eina stelpa að  
dólast með strákunum“, segir  
Kristín og hlær.

## Ekki langur tími til framkvæmda

– Ertu eini kvenmaðurinn  
sem vinnur við þessa starfs-  
grein á svæðinu?

„Ég veit það nú ekki, ég hef  
ekki verið að kanna það. En  
ég er allavega sú eina innan  
fyrirtækisins.“

– Ertu í námi á veturnar?

„Já, ég reyndi við lögfræð-  
ina en ég ætla að taka mér frí  
í vetur og fara að vinna. Svo  
ætla ég að sjá til hvort ég held  
mig við lögfræðina eða vel  
mér eitthvað annað.“

– Þannig að þetta er ekki  
framfarstarstarfið?

„Nei, í sjálfu sér ekki. Þegar  
maður er kominn með réttind-  
in og reynslu þá getur maður  
alltaf gripið í þessa vinnu þeg-  
ar þess þarf. Það vantar alltaf  
fólk í svona.“

– Svo þú hefur ekki íhyggju  
að taka við fyrirtækinu af  
pabba þínum seinna meir?

„Það er aldrei að vita, það  
kemur bara í ljós“, segir Krist-  
ín kímín. „Þetta er fjölskyldu-  
fyrirtæki, auk mín og pabba

vinnur bróðir minn þarna líka.  
Það er alveg nóg að gera líka.  
Það erum við sem erum búin  
að vera með skemmtilegheitin  
á Hlíðarveginum, höfum verið  
að vinna við hann. Svo erum  
við að fara taka fyrir útivistar-  
svæðið á Flateyri og Drafnar-  
götuna þar. Það eru í raun svo  
mikið um verkefni að maður  
veit varla hvernig á að komast  
yfir þetta allt saman. Það er  
ekki langur tími sem Ísland  
ingar hafa til framkvæmda en  
þetta hefst allt á endanum.“

## Ekki bílakerling

– Er þetta ekki erfðisvinna?

„Jú, það má alveg segja það.  
Það tekur meira á að sitja allan  
daginn en fólk heldur. Þetta  
er svo sem ágætlega erfitt en  
ekki erfðara en margt ann-  
að. Maður er oft þreyttur eftir  
daginn.“

– Varð það að pabbi þinn  
og bróðir unnu við slíkar vélar  
til þess að þú fórst út í það  
líka?

„Já, ætli það ekki. Ég hef  
verið í kringum svona vélar  
mest allt mitt líf. Og maður  
vildi fá að prófa og þetta er  
bara eitt af því sem mér finnst  
gaman að gera. Mér fannst  
alveg jafn gaman að vinna á  
leikskóla þegar ég gerði það.

Þannig að maður hefur fjöl-  
breytta reynslu sem er hent-  
ugt.“

– Myndirðu lýsa sjálfri þér  
sem bílakellingu?

„Nei, það myndi ég ekki  
gera. Mér finnst gaman að  
keyra en ég ekkert vit á því  
hvað er undir húddinu“, segir  
hún og hlær. „Jú, jú, ég kann  
smávegis eins og að athuga  
með olíuna og vatnið, en það  
er nú ekki mikið meira en  
það.“

## Algengara en fólk heldur

– Það verður að teljast  
óvenjulegt að ung kona vinni  
við þetta, eða hvað finnst þér?

„Það hlýtur að vera algeng-  
ara en fólk heldur. Eru ekki  
fullt af stelpum að keyra bú-  
kollur á Kárahjúkum til  
dæmis. Þó að maður sjái þetta  
kannski ekki á hverjum degi

þá held ég að það sé mun  
meira um það en maður veit  
um. Stelpur geta þetta alveg  
jafnvel og strákar. Ég heyrði  
viðtal við konu í útvarpinu  
sem var að þéna á tíu dögum í  
svona vinnu það sama og á  
mánuði á hárgreiðslustofu.  
Svo þetta er alveg að borga  
sig fyrir þar sem hafa áhuga.  
Ég er bara með vinnuvéla-



Kristín ásamt föður sínum Úlfari Önundarsyni í JCB verksmiðjunni í  
Englandi þar sem hjólaskólfan var á færbandinu þegar þau bar að garði.

## Líflegt mannlíf í San Francisco



„Uppáhaldsborgin mín er San Francisco í Bandaríkjunum. Hún sker sig úr amerískum borgum, hún er þéttbýlli en gengur og gerist þar. Götumynstrið er mjög reglulegt sem sker óreglulegt landlagið en hún er byggð ofan á hóla og hæðir. Mannlífið er mjög líflegt, leifarnar af blómatímabilinu eru enn til staðar og skapar mjög litríka og sérstaka stemningu. Fólkið er mjög opið og vingjarnlegt og leggur mikla áherslu á að það sé ólíkt nágrönnum sínum í suðri, þ.e.a.s. í Los Angeles. Oft rekst maður á hippa enn staðfasta í trúnni í San Francisco og er það einna líkast að þeir hafi verið frýstir með jónuna í munnvikinu í 40 ár.“



## Kurteisinn ætlar allt að drepa

Svo virðist sem sívaxandi kurteisi gegnsýri þjóðmálaumræðuna og geri hana bitlausa. Í ljósvakalukkustundum og slögum í prent- og netmiðlum hefur hún sjálfsagt aldrei verið meiri en því miður ólíklegri nú en um langa hríð til að eggja þjóðina og ráðamenn hennar til framfara eða veita aðhald og afhjúpa bull og vitleysu. Þannig birtist hver umræðuþátturinn á eftir öðru í sjónvarpinu og minnr á einhverskonar testund í beinni þar sem þáttastjórnendurnir fá þingmenn og ráðherra í sjónvarpsal þar til allir þeir viljugustu eru búnir að koma og þá er farið annan hring. Nær allir halda sig vandlega innan prótókollins, spyrja málefnalega spurninga og fá þen svör. Gjarnan fara stjórnálmennirnir í hársaman og rifja þá upp ánægjulegur stundir frá málfundaefingum í gaggó.



Kristín Úlfarsdóttir stjórnar stærðarinnar hjólaskóflu hjá Úlfari ehf.

réttindin en ekki meiraprófið, en þegar ég var á námskeiðinu vorum við óvenju margar konur meðal þátttakenda. Mig

minnir að við höfum verið sex og að þótti mjög óvenjulegt. Þeir sem héldu námskeiðið höfðu mjög gaman

af því að sjá svona margar konur í einu á námskeiði. Þetta er ekki eins erfið vinna og fólk heldur og alveg fín ef

maður er til í að verða skítugur af og til“, segir Kristín og að þegar hingað var komið í viðtalinu var pásan hennar

búin svo að hún hóf aftur að stjórna stærðarinnar hjólaskóflu.

– thelma@bb.is

## Deep Purple rokkarar sem aldrei þagna

- 1. Ensími - Atari (Kafbátamúsík 1998)**  
Þetta er einn af betri rokk-slögurum síðara ára á Íslandi. Hrafn Thoroddsen fyrrum orgelleikari Jet Black Joe er nú söngvari og gítarleikari Ensími. Fæ aldreid leið á þessu lagi.
- 2. Megas - Tvær Stjörnur (Bláir draumar 1988)**  
Þetta lag er þvílík snilld. Það er daninn Kenneth Knudsen sem sér um slag-hörpuleik í laginu en meistari Megas útsetur. og þvílík útsetning. Margir hafa reynt við þennan smell, en enginn nær meistaranum á neinn hátt. Magnús er í miklu uppáhaldi hjá mér.
- 3. Megas - Ragnheiður Biskupsdóttir (Millilending 1975)**  
Megas er svo mikill snillingur að ekki er hægt annað

- en að minnst einnig á lagið Ragnheiði Biskupsdóttur. Lagið fjallar um Brynjólf biskup og dótturina Ragnheiði. Textabrot: Það var helvítíð hann Brynjólfur sem sæddi hana.
- 4. Utangarðsmenn - Fuglinn er floginn (45rpm 1981)**  
Ég kynntist Bubba fyrst í gegnum þetta lag 1981. (Var kominn í rokkið 10 ára). Laglínan finnst mér æði. Textabrot: Músíkin var keppinautur sem þú réðir aldrei við. Lagið er reyndar eftir Mike Pollock en kóngurinn samdi textann.
- 5. Bubbi - Aldrei fór ég suður (Dögum 1987)**  
Annað eins kassagítarspil hafði ég ekki heyrð í lengi. Kóngurinn er snillingur á kassagítar. Svona lög verða alltaf sígild. Lag og Texti Ásbjörn Kristinsson Morthens

- 6. David Bowie - Star Man (Ziggy Stardust 1972)**  
Ég hef sankað að mér flestu með David Bowie og Star Man fær mann til að efast um hvort maðurinn sé mennskur, svona lagasmíðar eru bara á færi lærdra manna, þvílík hugsun, þvílík sköpun. David Bowie slær öllum við í hinum mennska heimi. Lag og Texti David Bowie
- 7. David Bowie - Pictures of Lily (Substitute the song of who 2001)**  
David Bowie tekur Pictures of Lily gamalt Who lag og gerir algjörlega að sínu og breytir því gjörsamleg í unaðslegt og æðislegt lag. Útsetningin er óhugnalega góð. Bowie er æðislegur. Lag og Texti: Pete Townshend.
- 8. Iron Maiden - The loneliness of the**

- long distance runner (Somewhere in time 1986)**  
Ég hef hlustað á Iron Maiden frá fornu fari og West Ham (Steve Harris) aðdáandinn slær öllum við í bassaleik og svo ekki sé minnst á söngvarann í þessu lagi Bruce Dickinson. Titillinn segir manni allt. Lag og Texti: Steve Harris.
- 9. Metallica - Fade to black (Ride the lightning 1984)**  
Metallica er eitt stærsta þungarokksband allra tíma og maður verður nú að minnst á lag eins og Fade to black, byrjar rólega en endar svo á allsvakalegu gítarsóló sem klárar lagið á undraverðan hátt. Lag og Texti: Hetfield, Ulrich, Burton, Hammett
- 10. Deep Purple - Burn (Burn 1974)**  
Rokkarar sem aldrei þagna. Burn er tónlistarveisla fyrir eyrað samspil Gítars og



Guðmundur Heiðar Gunnarsson.

Hammonds er draumi líkast, Annað eins gítarsóló hafði maður ekki heyrð og hvað þá Hammondsólóid sem fylgir í kjölfarið í laginu. Söngvarinn á þessum tíma var David Coverdale. Lag og Texti: Blackmore, Lord, Paice, Coverdale.

## Stuttar fréttir

### Vestfirskar ástir að vestan

Vestfirski forlagið hefur ákveðið að hefja útgáfu á flokki ástarsagna upp á gamlan og nýjan móð, þar sem íslenskur veruleiki á ýmsum tímum kemur við sögu. Er sú útgáfa hugsuð sem eilítið mótvægi gegn því glæpasagnafári sem tröllríður þjóðinni um þessar mundir. Æskilegt er að höfundar séu tengdir Vestfjörðum á einhvern hátt eða sögurnar fjalli um vestfirskt mannlíf, þó er það ekki skilyrði. Sögurnar verða að hafa upphaf, miðju og endi. Alls konar stílbriði koma til greina og er stíll Guðrúnar frá Lundi ekki undanskilinn. Þeir sem hafa undir höndum eða hafa samið handrit að íslenskum ástarsögum og vilja koma þeim á framfæri við okkur til athugunar, eru beðnir um að senda handritin í tölvupósti í netfangið [jons@snerpa.is](mailto:jons@snerpa.is).

## Afmæli



### Opið hús

Hvar ætlar þú að vera laugardaginn 29. júlí nk. Ég og fjólskyldan mín ætlum að vera í félagsheimilinu Klifi (Ólafsvík) að fagna 60 ára afmæli mínu. Vonandi sérd þú þér líka fært að mæta og fagna með okkur. Vertu með okkur, það verður rífandi stemning! Gjafir eru vinsamlegast afþakkaðar, en baukur verður á staðnum til styrktar björgunarsveitunum í Snæfellsbæ. Bestu kveðjur, Magnús Snorrason.



Grímur Atlason.

## Grímur ráðinn bæjarstjóri

Grímur Atlason hefur verið ráðinn bæjarstjóri í Bolungarvík. Grímur er þroskaþjálfari að mennt og starfaði lengi sem slíkur bæði á Íslandi og í Danmörku. Síðustu sex ár hefur hann rekið umboðsstofu tónlistarmanna undir heitinu Austur Þýskaland. Auk þess hefur Grímur starfað fyrir Vinstri Græna í borgarmálapólitíkinni undanfarin ár og setið í nefndum fyrir flokkinn. Grímur segir að starfið leggist mjög vel í sig og hann hlakki til að koma vestr.

„Þó svo að þetta starf sé innan bæjarkerfisins þá er það ekki pólitískt, en vissulega er ég ráðinn af nýjum meirihluta en ég lít ekki svo á að ég sé fulltrúi neins flokks í starfinu.“ Grímur á ættir sínar að rekja til Vestfjarða og þá sér í lagi Suðavík en afi hans, Grímur Jónsson var einn af stofnendum Frosta.

„Ég lærði að fljúga og í fluginu er sagt að þegar þú ert ekki með smá fiðring þegar þú ert í loftinu og ert á tánum þá endar það með ósköpum, það sama má segja með mig núna. Ég er að yfirgefa það sem ég hef verið að gera undanfarin ár og þekki mjög vel og ætla að demba mér í eitthvað allt annað þó svo að það liggji inni á mínum áhugasviðum.“

Að sögn Gríms er hann ekki hinn dæmigerði kerfiskarl enda vilji hann sjá breytingar á íslensku samfélagi. Grímur er kvæntur Helgu Völu Helgadóttur og eiga þau fjögur börn.

– smari@bb.is

# Minnismerki Jóns Thoroddsens afhjúpað á Reykhólum

Minnismerki um Jón Thoroddsen skáld, sýslumann og ættföður Thoroddsen-ættarinnar, var á sunnudag afhjúpað í blíðskaparveðri á fæðingarsstað hans, Reykhólum við Breiðafjörð, að viðstöddum fjölda gesta. Meðal þeirra voru ráðherrarnir Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson og Sív Friðleifsdóttir og þingmennirnir Kristinn H. Gunnarsson og Jón Bjarnason. Minnismerkið afhjúpuðu þeir Einar Örn Thorlacius, sveitarstjóri Reykhólahrepps, og Björn Samúelsson, fyrrverandi formaður Reykhóladeildar Lionsklúbbs Búðardals, en ávarp flutti Halldór Ó. Sigurðsson, núverandi formaður deildarinnar.

Minnismerkið er norðan í bæjarhólum gamla á Reykhólum, í hallanum á milli Reykhólakirkju og Dvalarheimilisins Barmahlíðar. Reykhóladeild Lionsklúbbs Búðardals gekkst fyrir gerð þess og naut þar fjárstuðnings m.a. frá Listskreytingasjóði ríkisins, Barðstrendingafélaginu, Thoroddsen-ættinni, heilbrigðisráðuneytinu og landbúnaðarráðuneytinu. Finnur Arnar Arnarson myndlistarmaður hannaði verkið en fyrirtækið Svíðsmýndir ehf. annaðist smíð þess. Efniviðurinn er sérlega veðurþolin harðviður en verkið sjálf er í mynd bóka. Á kili bera þær nöfnin á skáldsögum Jóns Thoroddsens en á síðunum eru skildir með mynd af skáldinu og kvæðinu Barmahlíð. Fótstallinn að minnisvarðanum hlóð hleðslumaðurinn kunnir Ari



Minnismerkið er í hallanum norður af gamla bæjarhólum á Reykhólum, rétt ofan við dvalarheimilið Barmahlíð.

Jóhannesson.

Að lokinni athöfninni við minnismerkið var gengið í Reykhólakirkju þar sem Magnús Thoroddsen hæstaréttarlögmaður flutti ávarp fyrir hönd ættarinnar og minnst langafa síns og Ásdís Thoroddsen kvikmyndagerðarmaður flutti ávarp fyrir hönd Rithöfundasambands Íslands. Einnig fluttu ávörp Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, Sív Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra og Margrét Thoroddsen, sonardóttir Jóns.

Tríó Björns Thoroddsens (Björn Thoroddsen, Andrea Gylfadóttir og Jón Rafnsson) flutti nokkur lög en eftir það voru kaffiveitingar í Reykhólaskóla í boði Lionsmanna.

Minnismerkið nýja er á útivistarsvæðinu við Dvalarheimilið Barmahlíð á Reykhólum. Sú ákvörðun Jóns Kristjánssonar, þáverandi heilbrigðisráðherra, að ráðuneytið skyldi styrkja gerð minnismerkisins, er í samræmi við þá stefnu að búa öldruðu fólki ekki aðeins

íverustað heldur einnig viðfellið vettvang til útivistar, eins og Sív Friðleifsdóttir vék að í ávarpi sínu. Dvalarheimilið ber nafn hlífðarinnar fríðu rétt innan við Reykhóla, en um hana orti Jón Thoroddsen einmitt eitt af sínum þekktustu kvæðum. Í ávarpi sínu sagði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, að ráðuneyti hans myndi leggja fé til þess að gera bílastæði við minnismerkið.

Jón Thoroddsen fæddist á Reykhólum árið 1818, sonur

hjónanna Þórðar Þoroddsenar beykis og Þóreyjar Gunnlaugsdóttur. Hann lauk stúdentsprófi frá Bessastaðaskóla og síðar lagaprófi frá Hafnarháskóla. Um tíma gegndi hann herþjónustu í Danaher. Jón var um árabíl sýslumaður í Barðaströnd en frá 1861 og til dauðadags var hann sýslumaður í Borgarfjarðarsýslu og bjó lengst af þeim tíma í Haga á Barðaströnd en frá 1861 og til dauðadags var hann sýslumaður í Borgarfjarðarsýslu og bjó að Leirá í Leirársveit. Hann andaðist tæplega fimm-tugur að aldri árið 1868.

# Ísafjarðarbær fær 21,7 milljónir í ágóðahlut frá Eignarhaldsfélagi BÍ

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar á dögunum var lagt fram bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands þar sem fram kemur að ágóðahlutagreiðsla félagsins til Ísafjarðarbæjar verður tæplega 21,7 milljónir í ár. Árlega greiðir Eignarhaldsfélagið framlag til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar, og er það liður í að stuðla að

bættum bruna- og forvörnum í sveitarfélögunum í samræmi við lög og samþykkið EBÍ þar að lútandi. Stjórn félagsins ákveður árlega upphæð ágóðahlutagreiðslanna, en jafnframt skal árlegt framlag ekki vera undir 150 milljónum króna. Framlagið í ár er 450 milljónir króna í ár, og er þetta þriðja árið í röð sem greidd er út sérstaklega vegleg upphæð,

og er ástæðan sögð vera góð afkoma félagsins á síðasta ári.

Í bréfi félagsins til sveitarfélaga segir að ákveðið hafi verið að láta sveitarfélögin njóta óvenjulegra aðstæðna á hlutabréfamarkaði sem hafa haft þessi áhrif á afkomu félagsins, „[e]n er hér um sérstaka ákvörðun að ræða og miðast eingöngu við þessar aðstæður, og er engin ávísun

á framlög næstu ára“, eins og segir í bréfi framkvæmdastjóra EBÍ til Ísafjarðarbæjar. Með framlagi þessa árs hefur EBÍ greitt rúma tvo milljarða til sveitarfélaga landsins frá árinu 1998. Hlutfall Ísafjarðarbæjar er 4,82%, og ágóðahluturinn í hlutfalli við það af 450 milljónum, 21.690.000 krónur, eins og áður segir. Stjórn EBÍ hefur ákveðið

ágóðahlutur ársins í ár verði greiddur út þann 15. október næstkomandi.

Ágóðahlutur Ísafjarðarbæjar var sá sami í fyrra, en þá hafði einungis verið búið við 12,5 milljóna króna framlagi á fjárhagsáætlun. Árið 2004 var hluturinn 14,46 milljónir og árið 2003 var hann 7,2 milljónir króna.

– eirukur@bb.is